



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Meistararitgerð
í íslenskukennslu**

„Réð eg kvenglysi kasta mínu“

Sagnaefni um Snjá konung í kvæðum og þjóðsögum af
ævintýragerð ATU 306

Ásdís Kristinsdóttir

Leiðbeinandi: Aðalheiður Guðmundsdóttir, prófessor

febrúar, 2025

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

„Réð eg kvenglysi kasta mínu“

Sagnaefni um Snjá konung í kvæðum og þjóðsögum af ævintýragerð
ATU 306

Ásdís Kristinsdóttir

260662-5979

Lokaverkefni til M.A.-prófs í íslenskukennslu

Leiðbeinandi: Aðalheiður Guðmundsdóttir, prófessor

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2025

„Réð eg kvenglysi kasta mínu“: Sagnaefni um Snjá konung í kvæðum og þjóðsögum af ævintýragerð ATU 306

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.A.-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Ásdís Kristinsdóttir, 2025

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Hér eru rannsökuð sjö ólík íslensk verk. Hið elsta, *Snjáskvæði*, tilheyrir litlum flokki frásagnarkvæða, sagnakvæðum, sem urðu til frá 14. öld–17. aldar. Þrennar rímur um Snæ kóng eða Snjá konung eru frá 17. og 19. öld og þrjár þjóðsögur af skyldu efni voru skráðar um miðja 19. öld. Verkin hafa númerið AT/ATU 306 í AT/ATU-skránni yfir gerðir alþjóðlegra ævintýra og eiga því efnisþætti og minni sameiginleg með þjóðsögum og ævintýrum margra annarra þjóða. Meginviðfangsefnið hér er að bera saman hvað er líkt og hvað ólíkt með efnisþáttum og minnum verkanna sjö og varpa þannig nokkru ljósi á hvernig sagnaefnið barst milli höfunda og sagnaþula og tók breytingum í takt við menningarlegar aðstæður á Íslandi.

Verkin segja frá álfum. Þau teljast til flokksins *Undraævintýri með yfirnáttúrulegum andstæðingi* og í þeim flestum leggur vond stjúpa þau álög á stjúpbarn sitt að það skuli yfirgefa álfheima, taka á sig herkonungsgervi eða mynd mennskrar vinnukonu og ekki losna fyrr en einhver getur komist að því hver leynist á bak við þeirra falska skinn. Stjúpu- og álagaminnið hefur númerið M411.1.1. í minnaskrá Stiths Thompson og *álfheimar í vatni* númerið F212.

Sagan um Snjá konung kemur fyrir í elsta verkinu og rímunum. Í persónunni Snjá leikur álfkona tveimur skjöldum, hún er grimmur herkóngur og blíð álfadrottning í senn. Hér er leikið með kyn sem kyngervi og þemað um einkenni og eðli kyns er því á vissan hátt til umræðu. Slíkar hugmyndir lifðu í alþýðusögum og skemmtunum, t.d. á vikivökum, og frá kirkjunnar og yfirvalda hendi var alltaf talsverð andstaða við þær. Á 18. öld jókst andstaðan enn og reynt var á ýmsan hátt að kveða niður sögur og kvæði um óbeislað eða fljótandi kyn þar sem þær gætu raskað röð og reglu í samfélaginu. Hvort sem þessu er um að kenna eða fleira kemur til þá er Snjár konungur/álfadrottning horfinn í þjóðsögnum þremur eða ummyndaður í stjórnsamri húsmóður eða í framúrskarandi vinnukonu.

Í yfirliti um rannsóknir á sagnakvæðum er m.a. rætt um *Strengleika* og möguleg áhrif franskra ljóðsagna, *lais*, á norrænar bókmenntir á 13. öld og síðar. Elsta uppskrift *Snjáskvæðis* er í vestfirskri bók, *Kvæðabók Gissurar Sveinssonar* frá árinu 1665 og rímurnar eru allar ortar af fólki sem bjó á Vesturlandi. Í þeim má sjá sísköpun efnisins eftir

þekkingu skáldanna, viðhorfum og tíðaranda. Í þjóðsögunum hafa efnispættir í AT/ATU 306 á sama hátt verið aðlagaðir íslensku umhverfi í sögum um jólagleði hjá álfum.

Abstract

This thesis studies seven different Icelandic works. The oldest, *Snjáskvæði*, belongs to a small category of narrative poems, *sagnakvæði*, which were created from the 14th–17th century. Three *rímur* about King Snjár or Snær are from the 17th and 19th centuries and three folktales were recorded in the middle of the 19th century. These works do all belong to the tale type AT/ATU 306 in the AT/ATU tale-type index and have elements and motifs in common with folk tales and fairy tales of many other nations.

The focus here is to find similarities and differences in terms of content and motifs and thus shed some light on how the story material passed between the authors and storytellers and how it underwent changes in accordance with cultural conditions.

The works tell about fairies. They belong to the *Tales of magic with a supernatural adversary* in the AT/ATU- index and in most of them an evil stepmother puts a spell on her stepchild to leave the elf world, assume the guise of a warrior king or a human servant not to be released until someone finds out who is hiding behind their false skin. The motif *evil stepmother* is M411.1.1 and the *elf world under water* is F212 in the Thompson's Motif-Index.

The story of the King Snjár (Snow) appears in the *sagnakvæði* and the *rímur*. In Snjár, the main protagonist, an elf woman, plays two shields, she is a cruel warlord and a gentle elf queen at the same time. Here, gender plays a significant role, and the theme of the nature of gender is therefore in a certain way up for discussion. Such ideas were kept alive in legends and entertainment, f. ex. in the *vikivaki*, and there was always some opposition against them from the church and the authorities. In the 18th century they tried in various ways to suppress these stories about unbridled or fluid gender, as they could disturb the order of society. Whether this is to blame or something else, King Snjár is not to be found in the folk stories or has been transformed into a controlling housewife or an outstanding maid.

The thesis gives an overview of research on *sagnakvæði*, f. ex. on *Strengleikar* and the possible influence of French *lais* on Norse literature in the 13th century and later. It focuses on how *Snjáskvæði*, the three different sets of *rímur* and the folktales, shed a light

on the continuous creation of material according to the knowledge of the poets, attitudes and spirit of the times.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	8
2. Hvað eru sagnakvæði?	10
2.1. Rannsóknasaga sagnakvæða	11
3. Handrit <i>Snjáskvæðis</i>	19
3.1. Skyldleiki handrita og mismunur á gerðum <i>Snjáskvæðis</i>	19
3.2. Aldur <i>Snjáskvæðis</i>	21
4. Ævintýragerð AT/ATU 306	22
5. Gömul minni í <i>Snjáskvæði</i>	24
6. Um <i>Snækóns rímur</i>	30
7. Um <i>Rímur af Snæ kóngi</i>	43
8. Um <i>Rímur af Snjá konungi</i>	48
9. Þjóðsögur af ævintýragerð AT 306.....	54
10. Vísur um dauðan kálf í fimm verkum af gerð AT 306.....	60
11. Samantekt	63
12. Heimildaskrá	66
13. Viðauki 1	70

Töfluskra

Tafla 1	Efni vísna í <i>Snækónga rímum</i> og <i>Snjáskvæði</i>	32
Tafla 2	Bátskenningar í <i>Snækónga rímum</i>	37
Tafla 3	Vísur um dauðan kálf	62

1. Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um sjö verk sem heyra til ævintýragerðar AT/ATU 306. Fyrst ber að nefna sagnakvæðið *Snjáskvæði* sem fyrst er vitað um ritað árið 1665 í *Kvæðabók Gissurar Sveinssonar* og var gefið út á prenti árið 1898. Næst er að nefna þrjár rímur þar sem efnið um Snjá konung er varðveitt. Elstar eru *Snækóngs rímur* eftir Steinunni Finnsdóttur frá því skömmu fyrir árið 1700, næstar eru *Rímur af Snæ kóngi* eftir Gísla Sigurðsson frá árinu 1817 og yngstar eru *Rímur af Snjá konungi* eftir Guðrúnu Jónsdóttur, ortar fyrir 1850. *Snækóngs rímur* voru gefnar út árið 1950 en hinar rímurnar hafa ekki verið prentaðar. Loks ber að telja þrjár þjóðsögur sem gefnar voru út af Jóni Árnasyni í *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* árið 1864 en fræðimenn hafa áður getið um skyldleika þeirra og *Snjáskvæðis*.¹

Þessi verk eiga það sameiginlegt að falla undir ævintýragerð AT/ATU 306 í flokkunarkerfi Aarne-Thompsons þar sem alþjóðlegum ævintýrum er gefið númer eftir því hvaða efnisþætti eða minni (*mótíf*) má sjá í þeim. Finnski þjóðfræðingurinn Antti Aarne (1867–1925) festi þessa aðferð í sessi á síðari hluta 19. aldar.² Síðar endurbætti bandaríski þjóðfræðingurinn Stith Thompson (1885–1976) kerfið og enn síðar gerði þjóðverjinn Hans-Jörg Uther á því breytingar. Ævintýrin voru því flokkuð í gerðir, framan af svokallaðar AT-gerðir og síðar ATU-gerðir eftir breytingar Uthers.³ Fyrir tilkomu gerðaskráanna höfðu bræðurnir Jakob Grimm (1785–1863) og Wilhelm Grimm (1786–1859) flokkað ævintýrin eftir efni, sem og Konrad Maurer (1823–1902) í útgáfu sinni á íslenskum þjóðsögum (*Isländische Volkssagen der Gegenwart*) og hafði Jón Árnason (1819–1888) þá flokka til hliðsjónar þegar hann flokkaði efni inn í *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. Auk þess sem gerðir ævintýra hafa verið greindar, setti Stith Thompson saman mikla skrá yfir minni í alþjóðlegum ævintýrum og danski þjóðfræðingurinn Inger Boberg (1900–1957) setti saman sambærilega skrá yfir minni í íslenskum bókmenntum fyrri alda. Þessar skrár koma nokkuð við sögu í þessari rannsókn, þar sem rætt er um verkin.

Einar Ólafur Sveinsson (1899–1984) birti árið 1929 rit um gerðir íslenskra ævintýra þar sem hann byggir á AT-skránni, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*. Árið 1940

¹ Sjá Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 10–12.

² Sjá Hallfreður Örn Eiríksson, „Þjóðsagnafræði“, bls. 308.

³ Uther, *The Types of International Folktales*, I, bls. 7–15.

kom út önnur bók eftir Einar Ólaf, *Um íslenskar þjóðsögur*, þar sem hann fjallar um einkenni íslenskra þjóðsagna og ævintýra og tengsl við alþjóðleg ævintýri. Við þessi verk er mikið stuðst hér.

Um áhrif *Strengleika* í íslenskum bókmenntum hefur Aðalheiður Guðmundsdóttir fjallað og varpað ljósi á hvernig hugljúf kvæði og sögur um ástir álfa og manna spretta upp hér af bretónskum riddarasögum fullum af rómantískum anda og trega. Greinar Aðalheiðar um sagnakvæðahefðina og stjúpuminnið hafa eftt þessa umfjöllun um það efni í verkunum, auk verka Einars Ólafs.

Svo eru aðrar hliðar á sagnakvæðum, þjóðsögum og reyndar þjóðmenningu heilt yfir sem Guðbrandur Vigfússon (1827–1889), Gísli Sigurðsson og Aðalheiður Guðmundsdóttir fjalla um, það hvernig tilvera þjóðarinnar í harðbýlu landi og fátæku speglast í þeim þegar yfirvöld kirkju og veraldlegs valds bönnuðu skemmtanir og fornt sagnaefni og hertu smám saman tókin á einkalífi og leikum alþýðunnar eftir siðaskipti, reyndar fyrr ef allt er talið. Að þessu verður hugað hér síðar.

Við samanburð á verkunum sem skoðuð eru í rannsókninni er reynt að bera kennsl á efnispætti þeirra, lýsa þeim og bera saman og skoða að hve miklu leyti þeir passa við ævintýragerðina AT/ATU 306 sem þau eiga öll að tilheyra. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvernig *stjúpu-* og *álagaminnið*, hluti þess um *hirðmennina sem hverfa* og minnið um *álfheima undir vatni* birtast í verkunum. Að auki er skoðað hvernig unnið er með sagnaefnið um Snjá eða Snæ kóng, en það er aðeins að finna í *Snjáskvæði* og rímunum þremur. Í þjóðsögunum er það er vinnukona sem fer til álfheima og vinnumaður sem eltir, og þar er engin persóna sem skapar sér andstætt kyn með klæðskiptum.

2. Hvað eru sagnakvæði?

Sagnakvæði eru frásagnarkvæði, ort undir fornryðislagi. Þau eru sprottin úr alþýðlegri sagna- og kvæðahefð sem lifði um aldir meðal Íslendinga. Farið var að skrá kvæðin um miðja 17. öld og hélt sú skráning áfram fram yfir miðja 19. öld. Í kvæðunum gættir áhrifa frá eddukvæðum og alþjóðlegum þjóðsögum og ævintýrum. Þetta efni lifði að hluta til í munnlegri geymd og að hluta til var það skráð.

Fornryðislag er lipur bragarháttur og lengd vísanna hentar vel til að skammta söguefnið hæfilega. Það gerir heldur ekki miklar kröfur um ljóðstafasetningu, er rímlaust og hrynjandin er sveigjanleg. Bragarhátturinn var notaður við upphaf kveðskapar á íslensku, goða- og hetjukvæðin í *Konungsbók eddukvæða* frá því um 1270 eru ort undir fornryðislagi og hátturinn gekk milli kynslóða alla tíð síðan. Ort var um ýmis efni.

Það má sjá af kvæðislokum sagnakvæðisins *Kötludraums* að skáldinu þykir bragurinn fremur óvandaður og ekki boðlegur hverjum sem er:

Býð ég ekki
bögunar þessar
greindum skáldum
né göfugum mönnum.
Börn eru ei vönd
að bragarsmíði,
þau munu ljóðin
þiggja vilja.⁴

Kvæðið er talið henta börnum en hvorki menntuðum skáldum né yfirstéttarmönnum og kann bæði bragarhátturinn og efnið að valda því en flest sagnakvæðin hafa að geyma álfasögur og ævintýri. Höfundar sagnakvæðanna eru ókunnir, viðtakendur eru gjarnan alþýðufólk og börn. Sagnakvæðin virðast ganga nokkuð á skjön við smekk og viðhorf menntaðra manna eftir siðaskiptin og jafnvel löngu fyrr og að því verður betur hugað síðar.⁵

⁴ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, bls. 29.

⁵ Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagssumræða?“, bls. 209–214.

Flest handrit sagnakvæðanna eru frá því um 1700 en margt bendir til þess að kvæðin séu mun eldri. Skrifari handrits frá 1670 ritar um það: „Eitt fornkvæði gamalt“⁶ og Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) þekkti *Gullkársljóð* og *Snjáskvæði* og taldi þau vera eftir gömlu skáldin.⁷ Haukur Þorgeirsson færir rök fyrir því að *Gullkársljóð* hafi verið ort á 14. öld.⁸ Guðbrandur Vigfússon nefnir 14. og 15. öld⁹ og Einar Ólafur Sveinsson telur að sagnakvæðin hafi flest verið samin á 16. öld.¹⁰ Þetta og fleira verður nú skoðað í yfirliti um rannsóknir á sagnakvæðum og tímaröð fylgt að mestu leyti.

2.1. Rannsóknasaga sagnakvæða

Hér verður miðað við að saga rannsókna hefst þar sem Árni Magnússon (1663–1730) safnar sagnakvæðunum og lætur skrá þau, um aldamótin 1700 og fram á annan áratug 18. aldar. Nokkru áður höfðu fræðimenn velt fyrir sér aldri sagnakvæða og efni, sbr. orð Jóns lærða hér að framan um að gömlu skáldin hefðu ort sagnakvæði en þau eru í riti hans *Tidsfordriv* frá árinu 1644. Á 19. öld efldust svo rannsóknirnar aftur og þá fjölluðu t.d. Guðbrandur Vigfússon og Jón Þorkelsson (1859–1924) m.a. um það hvaða kvæði teldust til sagnakvæða.

Guðbrandur Vigfússon ritaði formála að *Íslenskum þjóðsögum og æfintýrum* eftir Jón Árnason árið 1862 og þar telur hann sagnakvæðin upp: *Kötludraumur*, *Hyndluljóð*, *Snjárskvæði*, *Vambarljóð*, *Þóruljóð*, *Bryngerðarkvæði*, *Gullkársljóð*, *Kringilnefjukvæði* og *Ljúflingsljóð*.¹¹ Þessi kvæði gefur Ólafur Davíðsson (1862–1903) út í útgáfu sinni á sagnakvæðum árið 1898 en sleppir þó *Ljúflingsljóðum*. Söguefni kvæðanna er ástir manna og álfa, erfiðleikar og sigrar kóngabarna sem orðið hafa fyrir álögum stjúpna sinna og eitt kvæði, *Þóruljóð*, segir frá góðum unglingi og gjafmildu trölfi. Sagnakvæðin virðast ætluð til skemmtunar og Jón Þorkelsson minnst á það í tengslum við *Snjáskvæði*.¹²

Guðbrandur Vigfússon fjallar einnig um uppruna og þróun íslenskra þjóðsagna og þjóðkvæða í formálanum frá árinu 1862. Um það leyti fóru áhrif píetisma (heittrúarstefnu)

⁶ Óþekktur skrifari, AM 154 III 8vo, <https://handrit.is/manuscript/view/is/AM08-0154-I-XXII>

⁷ Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*, bls. 202.

⁸ Sjá, Haukur Þorgeirsson, „*Gullkársljóð og Hrafnagaldur: framlag til sögu fornryðislags*“, bls. 299–334.

⁹ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, II, bls. xviii.

¹⁰ Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 80–84.

¹¹ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, II, bls. xviii.

¹² Jón Þorkelsson, *Om digtningen i det 15. og 16. århundrede*, bls. 207.

í menningunni þverrandi og þjóðernisstefna og húmanismi opnuðu nýja sýn á þjóðfræðafni. Guðbrandur lýsir viðhorfum lærðra manna fyrri tíðar til slíks efnis en þeir álitu það mestmegnis ómerkilegar bábiljur eða *kellingabækur*, en þetta gagnrýnir Guðbrandur. Hann segir þó að á þessu kunni að vera ýmsar skýringar en andstaða klerkastéttarinnar við þjóðlegt efni hafi alltaf verið talsverð en farið vaxandi á 14. og 15. öld og litað viðhorf til þess. Árni Magnússon hafi til dæmis virt það lítils, enda lærður maður „og fyrirleit allar sögur sem ekki vóru sannar hvað skáldlegar sem vóru.“¹³ Á 18. öld hafi enn verið hert á þegar bannað var með konungstilskipan að lesa sögur um fornmenn og tröll, dansa og leika vikivaka.¹⁴ Í svipaðan streng tekur Gísli Sigurðsson undir lok 20. aldar þegar hann ritar um *Kötludraum* og rekur hvernig alþýðumenning og menning lærðra manna gátu rekist á.¹⁵

Ólafur Davíðsson gaf sagnakvæðin út árið 1898 í *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, fjórða bindi ritsafnsins *Íslenzkargátur, skemtánir, vikivakar og þulur*, en þar eru þau einnig nefnd þjóðkvæði. Ólafur segir að elsta dæmið um ritaðan *Kötludraum* sé skinnbók sem bundin var árið 1549 en rituð eitthvað fyrr, þó ekki miklu fyrr.¹⁶ Elsta varðveitta handrit sagnakvæða er frá árinu 1665, en flest eru frá því um 1700 og hin yngstu frá 19. öld. Flest kvæðin eru til í nokkrum handritum og á þeim er oft einhver munur. Ólafur leggur oftast eitt handrit kvæðis til grundvallar í útgáfu sinni en sýnir lesbrigði úr hinum neðanmáls. Á það hefur verið bent að útgáfa hans beri merki um ónákvæmni í uppskriftum.¹⁷ Útgáfa Ólafs Davíðssonar er eina útgáfa sagnakvæða hingað til og stuðst verður við hana í rannsókn á *Snjaskvæði* hér á eftir.

Árið 1929 kom út rit Einars Ólafs Sveinssonar um gerðir íslenskra ævintýra, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten* þar sem hann vinnur út frá flokkunarkerfi alþjóðlegra ævintýra, Aarne-Thompson-skránni. Hann sýnir m.a. að sagnakvæðið *Snjaskvæði* heyri undir ævintýragerð AT 306 II í AT-gerðaskránni og tengir kvæðið, jafnt sem *Snækóns rímur* Steinunnar Finnsdóttur og ótal margar íslenskar þjóðsögur, við alþjóðlegan ævintýraarf. Skrá Einars Ólafs yfir gerðir íslenskra ævintýra er því augljóslega mjög gagnleg til að rannsaka skyldleika sagna og útbreiðslu þeirra.

¹³ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, II, bls. xxviii–xxix.

¹⁴ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, II, bls. xxix.

¹⁵ Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagssumræða?“, bls. 214–215.

¹⁶ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, bls. 16. Þetta handrit segir Ólafur að sé nú AM 622 4to.

¹⁷ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „(Ó)traustar heimildir“, 218–219.

Árið 1940 kom út bók Einars Ólafs *Um íslenskar þjóðsögur*. Þar er fjallað um þjóðtrúar-, ævintýra- og sagnaarfinn sem íslenskar þjóðsögur og ævintýri spretta úr og rakið hvernig hann fór, aðallega munnlega, milli þjóða í Evrópu, og lagði af stað fyrir óralöngu frá Austurlöndum. Einar Ólafur segir að þegar líða tók á 13. öld hafi riddarasögur, fullar af furðum og ævintýrum, farið að hafa áhrif á sagnaritun hér á landi og fallið fólki í geð því það hafi haft svipað skemmtigildi og ýmislegt í fornsögunum. Þarna sé farið að skrifa fornaldarsögur Norðurlanda, þær standi í blóma í lok 13. aldar og ríki í bókmenntum hér öldum saman; á 16. öld hafi verið hér uppi skáld sem ortu kvæði undir fornyrðislagi úr þessu efni, *sagnakvæðin*, og úr þessu efni séu einnig mörg ævintýri síðari alda sprottin. Hér á eftir verður betur fjallað um hvernig Einar Ólafur greinir efnispætti og minni í *Snjáskvæði* og skyldum álfasögum, í gerðum AT 306 II og III.

Árið 1998 ritaði Gísli Sigurðsson, nú rannsóknarprófessor hjá Árnastofnun, um hefðbundnar aðferðir við að rannsaka aldur eddukvæða.¹⁸ Gísli bendir á að lítið hafi verið hugað að því hverjir hafi flutt kvæðin, hvernig og við hvaða aðstæður og hverjar viðtökur áheyrenda hafi verið. Hann telur að sérstök efni og hugsanlega flutningur líka hafi höfðað til ákveðinna samfélagshópa, sumt efni hafi höfðað frekar til karla og annað til kvenna. Þetta nefnir hann sem andsvar við þá viðurkenndri kenningu Andreasar Heusler (1865–1940) um hörð og mild eddukvæði – hin harðari séu eldri en hin mildari yngri – en Gísli bendir á að nota mætti orðin *karllæg* og *kvenlæg* til að lýsa kvæðunum og mismunandi áhugasviðum áheyrenda. Hin kvenlægu kvæði væru þannig ætluð konum og yngra fólki en þau karllægari körlum. Nanna Halldóra Imsland bendir á að þetta geti átt við um sagnakvæðin, að þau hafi frekar verið ætluð konum og kannski verið flutt af konum.¹⁹

Gísli Sigurðsson ritaði um *Kötludraum* árið 1995 og endurvakti með því rannsóknir á sagnakvæðum. Hann segir m.a. að mikill fjöldi handrita af kvæðinu beri vitni um vinsældir þess. Þar segir frá Kötlu sem verður barnshafandi af völdum huldumanns og af viðbrögðum eiginmanns hennar og bræðra við þeim tíðindum. Gísli telur að þessi saga gæti hafa tengst reynslu margra af barneignum vegna framhjáhalds eða utan hjónabands en eftir að Stóridómur, samþykkt um siðferðismál, gekk í gildi árið 1564 hertu yfirvöld tók í slíkum málum, þar sem við hórdómsbroti lá sekt eða húðlát og við sifjaspelli

¹⁸ Gísli Sigurðsson, „Inngangur“ í *Eddukvæði*, bls. xxvii–li.

¹⁹ Nanna Halldóra Imsland, „Fann eg í einni fornri syrpu ...“: Samanburður á *Vambarljóðum* og íslenskum ævintýrum af gerðunum AT 706 og 404*, bls. 8.

dauðadómur eða útleigð. Öðrum þræði geti vinsældir kvæðisins þannig verið vísbending um aldur þess, það hafi þá orðið til á 16. öld eftir að áhrifa Stóradóms fari að gæta, en hins vegar boði það viðhorf sem séu andstæð viðhorfum yfirvalda á þeim tíma, þ.e. mildi í garð fólks sem hafði farið gegn siðferðsreglum Stóradóms. Þannig greini *Kötludraumur* sig frá þeim menntum sem kirkja og yfirvöld héldu á lofti og sýni að hugarfar alþýðufólks fari ekki alltaf saman við viðhorf yfirvalda.²⁰ Það síðastnefnda rímar að ýmsu leyti við þau skrif Guðbrands Vigfússonar sem nú þegar hefur verið minnst á.

Á 21. öld hafa Aðalheiður Guðmundsdóttir og Haukur Þorgeirsson verið leiðandi í rannsóknum á sagnakvæðum. Árið 2006 ritstýrði Aðalheiður útgáfu á *Strengleikum*, safni riddarasagna sem voru þýddar á norsku á 13. öld að tilstuðlan Hákonar gamla Noregskonungs en hann ríkti frá 1217–1263. Með þýðingunni vildi Hákon færa menningu hirðar sinnar nær því sem tíðkaðist við hirðir á meginlandi Evrópu. Vilhjálmur sigursæli frá Normandí hafði ráðist inn í England árið 1066 og í kjölfar hans höfðu fylgt aðalsmenn frá meginlandinu. Með þeim fylgdu skáld, leikarar og hljóðfæraleikarar sem fluttu með sér sagnaefni og kvæði. Við hirðir bretónskra aðalsmanna í Englandi voru síðan skráðar eða samdar hinar frönsku ljóðsögur, *lais*, sem finna má á norrænu máli í *Strengleikum*. Efni þeirra og rætur eru í bretónskri sagnahefð og í söngvum bretónskra hljóðfæraleikara sem byggðu m.a. á fornum keltneskum hetjusögum en einnig í ástarkveðskap sem barst frá Frakklandi til Bretlands. Einn höfundur sagnanna í *Strengleikum* er þekktur, Marie de France, sem samdi ellefu af ljóðsögunum tuttugu og einni sem eru í safninu, en höfundar hinna sagnanna eru óþekktir. Inngangur Aðalheiðar veitir víða sýn yfir upphaf sagnanna, einkenni þeirra, útbreiðslu, skyldleika við aðrar menntir og áhrif og er afar fróðlegur. Um efni ljóðsagnanna segir hún: „Þrátt fyrir að ljóðsögurnar hafi upphaflega verið skrifaðar fyrir hirðfólk á 12. öld og þýddar fyrir sams konar áheyrendur á 13. öld, fjalla þær um hin sömu vandamál og fólk hefur glímt við um aldaraðir, jafnt háir sem lágir, og varða ást og hatur, hjónaband, framhjáhald, ófrjósemi, ofríki og ofbeldi.“²¹ Aðalheiður nefnir að ósannað sé að *Strengleikar* hafi borist til Íslands í heild sinni og er þá enn minnt á hve margt er óljóst um upphaf sagnakvæða. Einungis ein ljóðsaga, *Gvímars ljóð*, hefur varðveist í íslensku handriti, og þá sem *Gvímars saga*.²²

²⁰ Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagssumræða?“, bls. 189–217.

²¹ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“ í *Strengleikar*, bls. 10.

²² Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur“ í *Strengleikar*, bls. 5–37.

Árið 2012 ritaði Aðalheiður Guðmundsdóttir einmitt grein um tengsl franskra ljóðsagna (*lais*) og sagnakvæða og árið 2013 ritaði hún grein um sagnakvæðahefðina, mótun hennar og skyldleika kvæðanna við annað efni.²³ Aðalheiður bendir á að líkur séu á að *Strengleikar* hafi haft áhrif á menntir á norrænu málsvæði og franskar ljóðsögur gætu hafa borist inn í íslenskan sagnaarf. Hún nefnir að sex af átta sagnakvæðum hafi titil sem er samsettur úr nafni sögupersónu og orðinu ljóð/kvæði, eins og sögurnar í *Strengleikum*, en einnig að nokkrum mótífum þessara verka svipi saman. Í sagnakvæðinu *Snjáskvæði* er sagt frá konungi sem býr við vatn og ferðast niður um það til fagurs og gróins lands; Í *Tídorel* og í *Grelents sögu* í *Strengleikum* er líka sagt frá mönnum sem fara niður um vatn til annars lands. Þarna séu minni sem skráð eru í alþjóðlegri minnaskrá, F 212 sem er um *álfheima í vatni eða handan vatns* og F 301 sem er um *yfirnáttúrulega veru sem elskar dauðlega konu*.²⁴ Minnin séu vel þekkt í íslenskum þjóðsögum og gömlum írskum sögum. Annað dæmi sé *Kötludraumur* en þar séu mörg atriði lík með *Tídorel*, *Grelents sögu*, *Dún* og *Míluns strengleik* í *Strengleikum*. Þriðja dæmið sé *Gullkársljóð* sem hafi mikil líkindi við söguna af *Jónet*. Söguþræði verkanna svipi mjög saman og bæði hafi þau minnið um *prins í fuglsham*, en gerðin fellur undir númerið ATU 432 í alþjóðlegri gerðaskrá. Aðalheiður segir að rannsókn sín bendi til þess að *Gullkársljóð* gæti hafa orðið til í munnlegri geymd út frá *Jónet* þótt ekki sé hægt að útiloka að fleiri áhrifavaldar hafi einnig komið við sögu.

Þarna er þá dreginn þráður frá frönskum hirðljóðum, til sagna á bretónsku sem voru þýddar á fornnorrænu og hafa mögulega ratað inn í íslenska tungu þar sem þær blandast því efni sem fyrir er, s.s. hetjukvæðum, fornaldarsögum Norðurlanda, munnlegum þjóðsagnaarfi og þjóðtrú og birtast í sagnakvæðum, rímum, ævintýrum og þjóðsögum. Aðalheiður bendir einnig á að á 17. öld hafi Steinunn Finnsdóttir ort *Hyndlurímur* eftir *Hyndluljóðum* og að bæði Steinunn og Guðrún Jónsdóttir hafi ort rímur eftir *Snjáskvæði*. Einnig bendir hún á, eins og Einar Ólafur Sveinsson áður,²⁵ að líkindi séu með *Snjáskvæði* og þjóðsögunum *Snotru*, *Unu álfkonu* og *Úlfhildi álfkonu* sem gefnar voru

²³ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Old French *lais* and Icelandic *sagnakvæði*“, bls. 265–288; Aðalheiður Guðmundsdóttir, „The Tradition of Icelandic *sagnakvæði*“, bls. 15–20.

²⁴ Thompson, *Motif-Index of Folk-Literature: A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books, and Local Legends*, bls. 1012 (F 212) og 1028 (F 301).

²⁵ Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 10–12.

út í *Íslenskum þjóðsögum og æfintýrum* eftir Jón Árnason árið 1862. Aðalviðfangsefni þessarar ritgerðar er einmitt sprottið af þessum athugunum.

Í grein frá árinu 2010 rekur Haukur Þorgeirsson notkun fornryðislags í íslenskum kveðskap frá fyrstu tíð fram á 19. öld. Hann segir skoðun Jóns Helgasonar (1899 –1986) prófessors um það efni vera almennt viðurkennda en Jón segir:

Fornryðislag hefur, að því er bezt verður séð, gengið að beinu handsali frá hinum elztu skáldum á Íslandi til hinna yngstu, þó að auðvitað hafi margir, einkum á 18du og 19du öld, seilzt aftur til sjálfrar uppsprettunnar og kjörið sér fornkvæðin til fyrirmyndar.²⁶

Í grein sinni rekur Haukur þessa sögu fornryðislags frá uppsprettunni, eddukvæðunum sem varðveitt eru í *Konungsbók eddukvæða* frá 1270, til fornaldarsagna Norðurlanda sem farið var að rita á 13. öld og innihalda heilsteypt kvæði undir fornryðislagi, til loka miðalda um 1550 þegar sagnkvæðin eru ort, til lærdómsaldar þar sem fornryðislag var notað til að yrkja ævikvæði og heilræðakvæði fyrir börn og svo til 19. aldar þegar skáld rómantísku stefnunnar tóku háttinn í þjónustu sína.

Haukur segir að fyrir siðaskipti sé farið að nefna fornryðislag „ljúflingslag“ af því að það var bragarhátturinn á *Ljúflingsdikt*, kvæði um huldumann sem kvað yfir barni sínu. Ljúflingslag hafi orðið heitið á bragarhætti kvæða um álfa og flest sagnkvæðin eru um álfa eða huldufólk. Hér hefur þá ævintýra- og þjóðsagnaefni ratað inn í fornryðislagið sem áður var notað fyrir sögur af afrekum, ástum og hefndum fornra hetja.

Ekki er síður áhugavert hvernig Haukur Þorgeirsson lýsir orðfæri sagnkvæða. Hann rekur uppruna sagnkvæða langt aftur, eða til u.þ.b. 1350, og telur að þau séu orðin árhundruða gömul þegar farið er að skrifa þau upp eftir miðja 17. öld. Haukur segir að ef til vill gerist það vegna aukins áhuga þeirrar tíðar á fornum menntum og menningu en á 17. öld vaxi áhugi á íslenskum fornþekkingum mjög, innanlands og utan. Þá komi *Konungsbók eddukvæða* í leitirnar og gangi víða í uppskriftum og þá sé *Snorra-Edda* prentuð. Skáldin taki í auknum mæli að leita til fornaldar eins og sjá megi í mörgum verkum þessa tíma. Þetta sjáist þó ekki á máli sagnkvæðanna því þau séu flest tilgerðarlaus í máli og stíl og yfirleitt ekki ætlað að hafa á sér fornaldarbrag enda séu þau

²⁶ Jón Helgason, *Ritgerðarkorn og ræðustúfar*, bls. 21, sbr. Haukur Þorgeirsson, „*Gullkársljóð og Hrafnagaldur*: framlag til sögu fornryðislags“, bls. 300.

varðveitt munnlega a.m.k. fram um 1700. Haukur segir að í rímunum megi hins vegar sjá þetta afturhvarf til fornaldar, t.d. í orðfæri enda hafi rímurnar verið ritaðar. Haukur færir bragfræðileg rök fyrir því að *Gullkársljóð* gæti hafa verið ort um miðja 14. öld og *Hrafnagaldur Óðins* eftir siðaskiptin, út frá þeim viðhorfum til galdurs sem koma fram í kvæðinu.²⁷ Árið 2011 ritaði Haukur svo um sagnakvæðið *Þóruhljóð* og *Háu-Þóruleik* og árin 2014 og 2024 um sagnakvæðið *Vambarljóð*.

Þrír nemendur við Háskóla Íslands hafa fjallað um sagnakvæði í lokaritgerðum sínum. Árið 2012 ritaði Nanna Halldóra Imsland B.A.-ritgerð um tengsl sagnakvæðisins *Vambarljóðs* og fjögurra ævintýra sem geyma frásögn af stúlku sem er breytt í vömb með álögum stjúpu, en þetta eru minnin um *umbreytingu í vömb* og *stjúpu-* og *álagaminnið*.²⁸ Sú skoðun hafði áður komið fram að *Vambarljóð* hefði verið samið eftir ævintýrinu *Gorvömb* en í ritgerðinni eru færð rök fyrir því að svo hafi ekki verið heldur hafi *Vambarljóð I* og *III* verið samin eftir ævintýri sem mögulega gekk í munnmælum í mörgum tilbrigðum. Eftir *Vambarljóðum* hafi *Sagan af Signýju vömb* verið samin og af henni *Hildur góða stjúpa og veltandi vömb* og *Gorvömb* og af *Gorvömb* hafi komið *Sagan af Birni bragðastekk*.

Árið 2017 ritaði Anna A. M. Stewart M.A.-ritgerð um *Þóruhljóð* og setur það í samhengi við leiki sem iðkaðir voru á *vikivökum*, danssamkomum fyrri alda, þ. á. m. Háu-Þóruleik.²⁹ Hún finnur einnig hliðstætt efni í þjóðsögum, eddukvæðum og miðaldabókmenntum og sýnir fram á samspil bókmennta og þjóðfræðaefnis í íslenskri miðaldahefð.

Árið 2018 ritaði Lee Colwill M.A.-ritgerð um *Snjáskvæði* og kynusla sem tengist Snjá kóngi.³⁰ Þar er vönduð greinargerð um handrit kvæðisins en túlkunin á kvæðinu er einnig áhugaverð. Colwill segir að í kvæðinu komi fram sá skilningur á kyni að það verði til í félagslegu rými þannig að tala megi um *kyngervi*, félagslegt kyn. Einstaklingur geti tekið þátt í samfélaginu sem annað kyn en hann hefur líffræðilega ef hann klæðist viðurkenndu kyngervi; Hildigerður álfkona varð Snjár konungur Háleygja með því að klæðast herklæðum, vopnast og herja; Snjár varð álfkonan Hildigerður með því að kasta brynju og

²⁷ Þótt *Hrafnagaldur Óðins* sé ort undir fornyrðislagi eins og sagnakvæðin og sé yngri hefðbundnum eddukvæðum, er kvæðið ekki talið til sagnakvæða. Sjá, Haukur Þorgeirsson, „*Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur*: framlag til sögu fornyrðislags“, bls. 299–334.

²⁸ Nanna Halldóra Imsland, „Fann eg í einni fornri syrpu ...“: Samanburður á *Vambarljóðum* og íslenskum ævintýrum af gerðunum AT 706 og 404*.

²⁹ Stewart, Knock, knock. Who's there? A Translation and Study of *Þóruhljóð*.

³⁰ Colwill, The King's Two Bodies? *Snjáskvæði* and the Performance of Gender.

vopnum. Colwill bendir á að þetta eigi við um fatnað álfkvennanna í *Snotru* og *Úlfhildi álfkonu* en þess er getið í sögunum að þær hafi skipt um föt þegar þær héldu af stað til álfheima, og breyst í álfkonur. Ritgerðin talar inn í hugmyndir samtímans um að einstaklingur geti haft fleiri en eitt félagslegt kyn, og fleira í tengslum við hinseginfræði.

Hér hafa verið raktar helstu rannsóknir á sagnakvæðum sem gerðar hafa verið, frá 18. öld fram á þá 21. Næst verður hugað að handritum *Snjáskvæðis* og kenningum um aldur þess.

3. Handrit *Snjáskvæðis*

Snjáskvæði er til á mörgum handritum á Landsbókasafni og á Árnastofnun. Ólafur Davíðsson vann með níu handrit í útgáfu sinni í *Íslenzkar pulur og þjóðkvæði*. Þau elstu eru frá miðri 17. öld og til u.þ.b. 1700 og þrjú hin yngri eru frá 18. öld. Ólafur lagði handritið Thott 489 8vo til grundvallar útgáfunni og sýnir lesbrigði úr öðrum handritum. Ólafur nefnir einnig þrjú önnur handrit sem eru skyld einhverjum þessara níu en voru ekki notuð við útgáfuna. Lee Colwill, sem birtir *Snjáskvæði* eftir AM 147 8vo í viðauka ritgerðar sinnar, nefnir þrettán önnur handrit *Snjáskvæðis* úr skráum Landsbókasafnsins.³¹ Þau eru frá miðri 18. öld til ársins 1880. Þarna eru því talin 25 handrit *Snjáskvæðis*. Colwill telur mögulegt að erlendis gætu verið til fleiri handrit kvæðisins. Colwill vann ritgerð sína árið 2018 og við leit á handrit.is og í skrá Landsbókasafns á leitir.is þann 20. júlí 2024 komu ekki fram önnur handrit en þau sem nefnd hafa verið hér að ofan.

3.1. Skyldleiki handrita og mismunur á gerðum *Snjáskvæðis*

Lee Colwill telur að tilraunir til að finna upprunalega gerð *Snjáskvæðis* séu fremur ólíklegar til árangurs, t.d. af því að kvæðið gekk í munnmælum áratugum eftir að það var fyrst ritað og erfitt er að segja hvort munnmælasaga sem rituð er seint geymi eldri eða yngri gerð verks. Colwill telur engu að síður hjálplegt að reyna að skoða tengsl milli handrita kvæðisins því það varpi nokkru ljósi á útbreiðslu þess. Athugun Colwill nær til handritanna sem Ólafur Davíðsson notaði í útgáfu sinni frá 1898 og tveggja annarra sem Ólafur nefndi en notaði ekki.

Handritin sem Ólafur nefnir í tengslum við útgáfu sína eru AM 147 8vo, AM 148 8vo, AM 154 I-IV 8vo, NKS 1141 folio, Rask 87 og Thott 489 8vo. Þau sem hann nefnir en notar ekki eru BL Add.11.177, NKS 1894 4to og JS 405 4to.

Colwill segir að rannsókn Jóns Helgasonar á kvæðabókum frá 17. öld sýni að AM 147 8vo, BL Add. 11.177, NKS 1141 folio og JS 405 4to séu af sömu grein handrita.³² Við

³¹ Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 16–19.

³² Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 23.

þau vill Colwill bæta AM 154 I. Hún telur að skyldleiki handrita sem komin eru frá V, týndu handriti úr Vigur, sé sérstaklega áberandi því þar sé tilhneiging til að fyrna málið með því að fella niður stoðhljóðið *-u* þar sem búast hefði mátt við *-ur* og einnig sé í þeim öllum bætt inn í 36. vísu orðinu *svanni* sem rímorði á móti *sveinn*. Þau handrit sem komin eru frá V eru NKS 1141 folio, JS 405 4to, Thott 489 8vo og AM 154 I 8vo. Handritið BL Add. 11.177 sé afrit af AM 147 8vo með viðbótum úr V, hinu týnda handriti úr Vigur.

Colwill segir uppskriftir kvæðisins í AM 154 III 8vo og AM 154 IV 8vo vera líkar hvað varðar röð vísna og tilbrigði í vísuorðum. Röð erindanna sé hins vegar oft önnur en í AM 147 8vo, AM 154 I 8vo og í textunum sem koma frá V og virðist þau því tilheyra grein sem kvíslaðist frá hefðinni áður en AM 147 8vo var skráð, árið 1665. Loks segir Colwill að ekki sé auðvelt að sjá hvar AM 148 8vo og AM 154 II 8vo falla inn í myndina. Handritið AM 154 II 8vo var ritað eftir munnlegri heimild um 1700.³³ Handritið AM 148 8vo passi illa við önnur handrit sem tengjast V, því að þar séu mörg erindabrot sem ekki eru í öðrum handritum. Colwill telur mögulegt að AM 148 8vo sé einnig skrifað eftir munnlegri heimild.

Niðurstaða Colwill virðist vera sú að flest handritin sem Ólafur Davíðsson vinnur úr séu komin frá AM 147 8vo, *Kvæðabók Gissurar Sveinssonar*, prests á Álftamýri við Arnarfjörð sem ritaði hana með eigin hendi árið 1665, og frá týndu handriti úr Vigur, V. Tvö handrit standi fyrir utan afritunarferlið sem sé augljóst í mörgum handritum en það eru AM 148 8vo, *Kvæðabók úr Vigur*, og AM 154 II 8vo sem er í sagnakvæðasamsteypu Árna Magnússonar enda séu kvæðin þar að því er virðist skráð beint eftir kvæðamanni. Þessi síðastnefndu eru meðal elstu handritanna. Handritin AM 154 III 8vo og AM 154 IV 8vo tilheyri svo annarri grein en handritin sem eru skyld AM 147 8vo. Þess má geta að mansöngur við *Snjáskvæði* er aðeins í AM 154 IV 8vo.³⁴

Colwill segir að munurinn á gerðum kvæðisins í þessum handritum liggir í orðalagi, röð vísna og í því hvaða vísur séu í hverju kvæði. Þrátt fyrir talsverðan mismun á kvæðunum sé þó rétt að tala um eitt *Snjáskvæði*, enda hafi öll handritin nógu mörg erindi í sömu röð til að segja megi að þau geymi sama kvæðið. Hins vegar segir Colwill að gera megi greinarmun á eldri gerðum *Snjáskvæðis* og yngri. Eldri gerðin sé frá síðmiðöldum og

³³ AM 154 I–IV 8vo geymir nokkrar mismunandi uppskriftir *Snjáskvæðis*. AM154 I–XXII 8vo er safnrit með allmörgum sagnakvæðum.

³⁴ Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 14–24.

sé styttri, en sú yngri er í handritum frá 18. og 19. öld og þar séu ýmsar breytingar og viðbætur.³⁵

3.2. Aldur *Snjáskvæðis*

Það sem sagt var um aldur sagnakvæða hér að framan á við um aldur *Snjáskvæðis*. Það er meðal elstu sagnakvæða sem fræðimenn fyrri alda minnst á og það er í elsta handriti sagnakvæða, *Kvæðabók Gissurar Sveinssonar* frá 1665. Rök hafa verið færð fyrir enn hærri aldri sagnakvæða í tengslum við bragarhátt þeirra, fornyrðislag, eins og rætt var í kaflanum um rannsóknasögu sagnakvæða, og *Gullkársljóð* og *Háu-Þóruhljóð* eru talin orðin til á 14. öld.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson rannsakaði stuðlun í skáldskap frá 9. öld og fram til 20. aldar. Hann kemst að því að fram að 16. öld var *j* látið stuðla á móti hvaða öðru sérhljóði sem var en á 16. öld dregur úr því og eftir hana stuðlar *j* aðeins á móti *j*. Ragnar Ingi rannsakar einnig stuðlun *sn-* og *sl-* og segir að á 14. öld hætti þessi hljóð, og fleiri, að stuðla á móti *s*. Colwill skoðar *j*-stuðlun og *s*-stuðlun í *Snjáskvæði* og sýnir fram á að *j* stuðlar á móti sérhljóðum og *s* á móti ýmsum útgáfum af *s*- og samhljóði og segir það geta bent til hás aldurs kvæðisins, allt aftur til 14. aldar.³⁶ Það má því segja að málfræðileg rök bendi til 14. aldar. Þetta má styðja með efninu sjálfu sem ber keim af miðaldabókmenntum á borð við fornaldar- og riddarasögur og sér í lagi *Strengleikum*, sem og bragfræðilegum rökum.

Handritin eru því aðeins brot af sögu kvæðanna. Í umfjöllun um efnisþættina í *Snjáskvæði* verður áfram fjallað um þessi mál.

³⁵ Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 13, 17-19.

³⁶ Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 25-26.

4. Ævintýragerð AT/ATU 306

Í doktorsritgerð sinni *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten* (Skrá yfir íslenskar ævintýragerðir) frá árinu 1929 flokkar Einar Ólafur Sveinsson íslensk ævintýri eftir kerfi Anttis Aarne og Stiths Thompson sem finna má í *The Types of the Folktale*, gefur þeim AT-númer og lýsir tilbrigðum gerðanna, svo sem hvaða frásagnarpættir eru til staðar og hvaða minni.³⁷ Ævintýragerðir AT 301–333, AT 361 og AT 365 eru í floknum *Undraævintýri með yfirnáttúrulegum andstæðingi*.³⁸ Ævintýragerðin AT 306 tilheyrir því þessum flokki. Af gerð AT 306 I nefnir Einar Ólafur fjórar sögur um konur sem iðka gandreiðir um nætur, til fundar við unga menn eða til fundar við Kölska sem kennir þeim galdra. Undir gerð AT 306 II setur hann *Söguna af Oddi kóngi og Snjáskvæði* og síðan er minnst á *Snækóns rímur* sem Steinunn Finnsdóttir samdi eftir *Snjáskvæði*. Gerð AT 306 III nefnir hann *álfasögu* og telur nokkur tilbrigði, m.a. *Snotru*, *Bóthildi álfadrottningu*, *Huldufólkið í Stóruborg* og *Hildi álfadrottningu*.³⁹ Á öðrum stað nefnir Einar Ólafur tvær sögur til viðbótar sem hann segir augljóslega skyldar *Snjáskvæði*, en þetta eru *Una álfkona* og *Úlfhildur álfkona*.⁴⁰

Víkjum þá að því hvernig Einar Ólafur greinir efnispættina (sbr. frásagnarliði) í *Snjáskvæði*, AT 306 II. Þeir eru merktir með rómverskri tölu og bókstafur tilgreinir mismunandi tilbrigði innan efnispáttanna:

Hrafn, skipbrotsmaður, ræðst í vetrarvist hjá Snjá konungi Háleygja þótt allir ráði honum frá því vegna þess að: II A: Snjár krefst þess af vetrargestum sínum að á sumardaginn fyrsta segi þeir deili á honum, vita þeir þó ekkert um Snjá: II B: Sá sem ekki getur það verður drepinn. Enginn veit hvar konungur er um nætur.

III C: Nótt eina gengur konungur út og kemst til undirheima eftir vatnsfalli. Í undirheimum er Snjár nefndur Hildigerður og álfakonungurinn hennar er nefndur Hálfdan. Drottningin tekur ekki eftir því að sonur hennar grætur; tvær ambáttir deila um dauðan kálf: III G: Vetrargesturinn (Hrafn) eltir Snæ konung og sér allt.

³⁷ Síðar endurbætti Hans-Jörg Uther þessa skrá í *The Types of International Folktales* og númerum var breytt í ATU-númer. Þar sem rætt verður um *Snjáskvæði* og skyld verk á íslensku eru notuð AT-númer, eins og til þeirra er vísað í skrá Einars Ólafs. Til samanburðar, sjá þó Uther, *The Types of International Folktales*, I, 188–189.

³⁸ Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 2.

³⁹ Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 11–12. Einar Ólafur vísar til *Íslenskra þjóðsagna og æfintýra* eftir Jón Árnason frá árinu 1862–64. Einnig má sjá nokkuð samsvarandi upptalningu álfasagna í útgáfunni frá 1954–1961, sbr. lista eftir Bo Almqvist í VI. bindi, bls. 317–319.

⁴⁰ Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 81.

IV A: Á sumardaginn fyrsta segir vetrargesturinn að Snær sé kona. Hún segir honum sögu sína sem er sú að stjúpa hennar hafi hneppt hana í álög og hún síðan eignast ríki með hernaði: IV B: Hún gefur honum ríki sitt: IV C: Hún fer aftur til eiginmanns síns, álfakonungsins.⁴¹

Þessir efnispættir eru þá sameiginlegir *Snjáskvæði* og *Sögunni af Oddi kóngi* en þessi verk eru þó sitt hvort tilbrigðið, og allar þær sögur sem undir gerð AT 306 heyra hafa þessa þætti en þeir eru útfærðir á mismunandi hátt í sögunum. Gerðaflokkar ævintýranna og tilbrigðagreiningin eru því augljóslega gagnlegar aðferðir til að leiða í ljós skyldleika sagna og útbreiðslu þeirra, á íslensku en líka á öðrum tungum eða í öðrum löndum.

Einar Ólafur nefnir ekki heiti yfir AT 306 I og AT 306 II sambærileg við heitið *álfasögur* sem hann nefnir við gerð AT 306 III. Í útgáfu Jóns Árnasonar á *Íslenskum þjóðsögum og æfintýrum* frá 1862–1864 er þessum gerðum sagnanna heldur ekki gefin nöfn. Í útgáfunni frá 1954–1961 er þessum sögum hins vegar skipað undir kaflana *galdrasögur*, *stjúpusögur* og *álfasögur*. Þar er *Sagan af Oddi kóngi* flokkuð sem stjúpusaga og þar með mætti *Snjáskvæði* vera það líka.⁴² Þetta er tekið fram hér til að undirstrika að talsverður munur er á *Snjáskvæði* og þeim álfasögum sem falla undir gerð AT 306 III, stjúpu- og álagaminnið er fyrirferðarmeira í sagnakvæðinu en í álfasögunum, auk þess sem tilbrigði við efnispættina um vetrarmennina og álfheimana eru líka önnur.

⁴¹ Sbr. Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 9–10.

⁴² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, VI, bls. 317; Viðauki 1.

5. Gömul minni í *Snjáskvæði*

Í *Snjáskvæði* segir af Snjá konungi Háleygja sem býður mönnum vetursetu gegn því að þeir segi deili á honum á sumardaginn fyrsta og týni lífinu ef þeir geta það ekki. Hrafn skipbrotsmaður er einn þeirra. Hrafn fylgist vel með Snjá konungi og eltir hann kvöld eitt niður um vatn, til álfheima. Þar er konungi heilsað sem Hildigerði drottningu Hálfans álfakóngs, þar er sonur hennar sem fær að leika sér að hringum hennar og tvær ambáttir sem deila um dauðan kálf. Svo snúa Hrafn og Snjár til baka. Fyrsta sumardag segir Hrafn Snjá konungi hvers hann varð vísari í álfheimum; Hildigerður segir honum að stjúpa sín hafi lagt á sig álög sem hann hafi nú leyst. Svo fer hún aftur til álfheima og Hrafn eignast ríkið. Í þessum efnispáttum, sem einnig voru ræddir hér að framan, koma fyrir alþjóðleg minni sem skráð eru hjá Stith Thompson eða hjá Inger Boberg en þetta eru m.a. *stjúpu-* og *álagaminnið*, með hlutanum *hirðmenn sem deyja*, og minni um *álfheima undir vatni*. Verður nú vikið að því hvernig þessi minni birtast í íslenskum sögum, með nokkrum dæmum.

Á 12. öld voru stjúpur og álög alþekkt söguefni á Íslandi. Eitt elsta dæmi um stjúpuminnið kemur fyrir í *Bjarkapætti* frá ofanverðri 13. öld og þar er stjúpan tröll sem hefur brugðið sér í mannsham. Einar Ólafur nefnir að þessi tegund af stjúpu, tröllættaða stjúpan, hafi líklega orðið til hér á landi og greinir tvær tegundir þeirra, kallar þær A og B, og segir að sú fyrri sé algengari og ítarlegri. Gerð A segir frá konungi sem missir konu sína og syrgir hana ákaflega. Ráðgjafi hans leggur af stað siglandi til að finna honum nýja konu og finnur hana á eyju nokkurri. Hún siglir með honum og kóngur giftist henni. Kóngur hafði þó tekið fram við menn sína að þeir mættu ekki færa honum eyjasprund, nesfljóð eða skógarkonu. Síðar kemur í ljós að þessi kona er tröll og mjög ill. Stjúpbarn hennar sýnir henni litla vinsemd og því leggur stjúpan á það álög sem erfitt er að losna undan. Í B-gerðinni er sendiförinni sleppt, til konungs kemur kona sem lætur hann gleyma hinni og hann giftist strax.⁴³ Sjá má að í *Snjáskvæði* er þessi tröllættaða stjúpa komin þar sem „sjábyggjan“ leggur álög á Hildigerði konungsdóttur:

⁴³ Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 222–223. Í greininni „Stjúpur í vondu skapi“ frá árinu 1995 skiptir Aðalheiður Guðmundsdóttir stjúpum í ævintýrum í tvær gerðir, annars vegar í „vundu stjúpunum“, þar sem stjúpa leggur álög á stjúpbarn sitt eða stjúpbörn, eða vinnur þeim annars konar mein,

„Þú munt svanni eiga
svein í vonum,
seggir ætli þig þó
son þíns föður;
víf, skaltu deyja
ef vita það fleiri,
sýnt munu þér af því
sorgirnar vaxa“.⁴⁴

Hildigerður gengur með son, segir sjábyggjan, en muni hún þó verða talin karlmaður. Þessu verði hún að leynd en að öðrum kosti deyi hún. Aðeins eitt geti létt álögnum af henni, að vetrarmaður hennar komist að því hvernig er komið fyrir henni eða eins og Hildigerður segir:

Mig bað hún eðli
mínu að leynd,
nema dapurlega
mig deyða vildi,
utan dreingur á mér
deili vissi
hverjum eg veitti
veturlaung grið.⁴⁵

Ef engum tækist að komast að eðli Hildigerðar í níu vetur myndi hún aldrei losna og verða „úlfur með dýrum“. Aðalheiður Guðmundsdóttir telur að álögin séu sérstakur hluti stjúpuminnisins og nefnir nokkrar gerðir áлага, þar á meðal myndhverfandi álög þar sem manneskju er breytt í eitthvað annað, s.s. dýr eins og sjá má í *Snjáskvæði*.⁴⁶ Eftir að stjúpán hafði lagt álögin á Hildigerði kom faðir hennar álfakóngurinn aðvífandi og drap stjúpuna, honum til ævilangrar ógleði. Reikna má með að áheyrendur og lesendur kvæðisins hafi þekkt að hún hafi verið tröll eða flagð („sjábyggja“) og skilið að þá átti kóngur ekki um marga kosti að velja. Aðalheiður Guðmundsdóttir segir að þetta tilbrigði

og hins vegar „ástleitnu stjúpuna“, þar sem stjúpán leggur álög á stjúpson sinn eftir að hann hafnar henni (bls. 26).

⁴⁴ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, bls. 36.

⁴⁵ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, bls. 37.

⁴⁶ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Stjúpur í vondu skapi“, bls. 27.

við refsingu stjúpunnar sé staðlað og einn af þremur möguleikum í þeim efnum.⁴⁷ Stjúpu- og álagaminnið hefur númerið M411.1.1. í minnaskrá Thompsons.⁴⁸

Snjár konungur bauð mörgum efnilegum mönnum til vetursetu en það fór illa hjá flestum þeirra. Þarna er kominn ákveðinn hluti stjúpuminnisins, *einn hirðmaður deyr á hverri nóttu*, sem Einar Ólafur bendir á að megi finna meðal fornaldarsagna Norðurlanda t.d. í *Sögunni af Illuga Gríðarfóstra*.⁴⁹ Hirðmennirnir eru þar í sögupætti úr álfheimum. Álfakonungurinn Áli á drottninguna Álfrúnu og dótturina Signýju. Eftir dauða Álfrúnar tekur kóngur sér Grímhildi fyrir konu en hún er ill þótt fögur sé og svo gerist það að maður hverfur hverja nótt og það er rakið til Grímhildar. Næst drepur hún Ála, leggur ríkið í rúst og rekur Signýju burt. Hún leggur á Signýju að hún breytist í tröllkonu, nefnist Gríður og drepir alla menn sem reyni að sofa hjá Hildi dóttur hennar, þar til einn komi sem óttist ekki dauðann. Loks kemur Illugi og leysir þær mæðgur úr álögum, vonda stjúpan fær sína refsingu og Illugi kvænist Hildi.⁵⁰

Í 5. vísu *Snjáskvæðis* segir einnig frá óförum hirðmanna:

Þar var mönnum
mörgum heim boðið
til veturvista
og virðinga stórra,
sú var ótalin
í von dregin,
þeim hefði stundum
stökkótt orðið.⁵¹

Snjár konungur hafði oft boðið til hirðarinnar vetrarmönnum og illa hafði farið fyrir þeim. Hann býður þó enn einum manni, Hrafni, og segir við hann:

⁴⁷ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Stjúpur í vondu skapi“, bls. 27.

⁴⁸ Thompson, *Motif-Index of Folk-Literature: A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books, and Local Legends*, bls. 1991.

⁴⁹ Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 246.

⁵⁰ *Sagan af Illuga Gríðarfóstra*, í Rafn, *Fornaldarsögur Norðurlanda*, III, bls. 648–660.

⁵¹ Ólafur Davíðsson, *Íslenskar pulur og þjóðkvæði*, bls. 31; sjá einnig vísu 33, bls. 35 .

„Þú skalt sitja
og sæll vera
og mér aungvan
eyri gjalda,
en segðu á dýrum gram
deili að sumri,
svo að döglíngur
dyljist við ekki.“⁵²

Hrafn á að segja hver Snjár konungur sé í raun og veru. Hirðmennirnir segja það muni aldrei takast en Hrafn segist ekki óttast dauðann. Og Hrafn tekst að bjarga lífi sínu. Hann eltir Snjá konung til undirheima og kemst að því að hann er í raun álfadrottning og á þar ríki, eiginmann og barn. Þegar Hrafn hefur greint Snjá konungi frá þessu segir Snjár við Hrafn:

„Heilu skaltu þínu
höfðinu ráða,
þar læt eg fylgja með
fimm gullhrínga,
hjálmi glæsilegan
og hlífar vænligastar,
bitran mæki
og brand roðinn.“⁵³

Snjár bætir síðan skipi hlöðnu gersemum við og konungsríkinu áður en hann – eða hún – hverfur til álfheima.

Eins og fram hefur komið telur Einar Ólafur Sveinsson *hirðmenn sem hverfa* oft vera hluta af stjúpu- og álagaminninu og í sumum tilbrigðum þess er það stjúpan sem étur hirðmennina.⁵⁴ Í kaflanum *Tröll* í minnaskrá Inger Boberg, nánar tiltekið í kaflanum *Mannætur og mannát*, er að finna minnið um stjúpana sem mannætu (*Cannibal witch*), með númerið G11.3.⁵⁵ Hirðmennirnir sem hverfa/deyja í verkunum um Snjá/Snæ kóng gætu fallið að þessu minni. Hjá Inger Boberg er athöfnin *að leysa úr álögum* skráð sem

⁵² Ólafur Davíðsson, *Íslenskar þulur og þjóðkvæði*, bls. 31.

⁵³ Ólafur Davíðsson, *Íslenskar þulur og þjóðkvæði*, bls. 35.

⁵⁴ Sjá Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 246.

⁵⁵ Boberg, *Motif-index of Early Icelandic Literature*, bls. 139.

minni H1199.5., í kaflanum *Hreystipróf sem söguhetja gengst undir*.⁵⁶ Verkefni Hrafns virðist falla undir þetta, að frelsa álfadrottninguna. Eins og Aðalheiður Guðmundsdóttir bendir á þá er stjúpu- og álagaminnið aðalminni í ævintýrum og það á sannarlega við í *Snjáskvæði* og rímunum um Snjá/Snæ konung.⁵⁷

Í *Snjáskvæði* fer Snjár konungur niður um vatn til álfheima að heimsækja álfakonung sinn og síðar hjálpar mennskur maður honum/henni til að fá að dvelja þar eilíflega. Svipað minni er í sögunum um ástir álfa og manna í *Strengleikum*, í ljóðsögunni um *Tídorel* og *Grelents sögu*.

Í fyrri sögunni er Tídorel breskur kóngur sem á fagra konu en þau hafa ekki eftir tuttugu ára hjónaband eignast nokkurt barn. Hún sofnar í grasagarði og þegar hún vaknar er þar kominn fríður riddari sem biður hana um gefa sér ástir sínar. Hún spyr hann um nafn og ætt en þá segir hann að hún verði að koma með sér til að sjá það. Gengur hann síðan að hvítum hesti, herklæðist og setur drottninguna upp á hestinn fyrir framan sig. Nema þau staðar við haug sem stendur við vatn sem margir höfðu reynt að synda yfir í von um að þá rættust allar óskir þeirra. Hann tekur hana ofan af hestinum og ríður út í vatnið og hverfur ofan í það en kemur upp hinum megin vatnsins og ríður til drottningar. Svo segir hann henni örlög sín: hún muni eignast með honum son og dóttur. Sonurinn heiti Tídorel og muni hann verða fegurri og vaskari en aðrir menn og verða konungur Breta, en ekki geti hann sofið um nætur og muni kalla til sín menn að skemmta sér þær löngu stundir. Þetta gengur eftir. Eitthvert sinn er Tídorel er í Frakklandi krefur hann gullsmið um skemmtun en það eitt kann hann að segja að þeir sem ekki sofi um nætur séu ekki af manni getnir. Hann biður þá móður sína um að segja sér sannleikann um föður sinn og þegar hann heyrir þá sögu ríður hann út í vatnið, eins og riddarinn faðir hans hafði gert, og sneri ekki aftur.⁵⁸ Hér fer riddarinn sem er hálfmennskur niður um vatn til að finna þann hluta af sér sem hann saknar. Margt er rómantískt í sögunni um Tídorel, þetta er indæl og sorgleg saga um ástir konu og álfs sem á ríki í vatni og yfir *Grelents sögu* er sami blær.

Í *Grelents sögu* segir frá riddaranum Grelent sem ríður á eftir álfkonunni sinni út í vatn, hún bjargar honum frá drukknun og fer svo með hann til síns lands niðri í vatninu. Aðalheiður Guðmundsdóttir bendir á að hugmyndin um álfheima í vatni eða handan

⁵⁶ Boberg, *Motif-index of Early Icelandic Literature*, bls. 154–156.

⁵⁷ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Stjúpur í vondu skapi“, bls. 25

⁵⁸ Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Strengleikar*, bls. 115–118.

vatns, minni F212 í alþjóðlegri minnaskrá Thompsons, komi víða fyrir í íslenskum þjóðsögum og elstu írskum bókmenntum.⁵⁹

Í *Snjáskvæði* má sjá þetta minni þar sem konungur fer niður í vatn til álfheima að finna ríki sitt og eiginmann:

Hugði þá að
Hrafn hið bezta
hvert að gullbrjótur
gánga mundi.
Sá hann í vatn út
vísir renna.
og síðan aldrei
upp aptur koma.⁶⁰

Og svo fer Hrafn í vatnið líka og þeir líða niður á við þar til komið er á frjósama velli í álfheimum. Einar Ólafur segir að sagnir um álfa séu mjög gamlar með þjóðinni og að í sagnakvæðunum birtist þær í bland við erlend ævintýri í tilfinningaríkum og fallegum kveðskap. Í sumum síðari gerðum af ævintýrinu um Snjá konung, í rímunum, takast ástir með álfkonunni og hirðmanninum Hrafn.

Þau alþjóðlegu minni í *Snjáskvæði* sem bent var á hér að framan tengja kvæðið við sagnaarf annarra þjóða. Í þjóðsögunum hafa þessir söguþættir verið færðir nær þjóðtrú og þjóðlífi fólksins og þeir ummyndaðir á ýmsa vegu. Síðar verður hugað að skyldleika og mismun á *Snjáskvæði* og álfasögunum þremur en fyrst verður *Snjáskvæði* borið saman við rímnaflokkana þrjá, og þá fyrst *Snækóns rímur* eftir Steinunni Finnsdóttur.

⁵⁹ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Old French *lais* and Icelandic *sagnakvæði*”, bls. 274.

⁶⁰ Ólafur Davíðsson, *Þulur og þjóðkvæði*, bls. 32.

6. Um *Snækóns rímur*

Steinunn Finnsdóttir er fyrsta konan í sögu íslenskra bókmennta sem einhver verulegur kveðskapur er til eftir. *Snækóns rímur* og *Hyndlu rímur* hennar eru elstu rímur eftir nafnkunna konu en danska fræðikonan Jonna Louis-Jensen hefur leitt að því líkum að *Landrés rímur* frá 15. öld hafi verið ortar af konu.⁶¹ Efnisvalið í rímum Steinunnar er óvenjulegt fyrir rímur, þær eru kveðnar út af sagnakvæðum sem aftur eru kveðin út af stjúpu- og álagasögum en flestar rímur eru kveðnar út af fornaldarsögum eða riddarasögum og fjalla um kapp og sigra þeirra í orrustum.⁶²

Bjarni Vilhjálmsson ritar í formála að útgáfu Rímnafélagsins á *Hyndlu rímum* og *Snækóns rímum* um ævi Steinunnar Finnsdóttur. Hún fæddist árið 1640 eða 1641, líklega á Skipanesi í Melasveit. Að henni stóðu miklar ættir, mest á Vesturlandi, en í þeim voru ýmsir stórbændur, klerkar og valdsmenn og höfðu margir þeirra orð á sér sem skáld og fróðleiksmenn. Föðuramma Steinunnar var Halldóra Einarsdóttir (f.1590), dóttir Guðrúnar Marteinsdóttur biskups Einarssonar, og faðir hennar var af Akra-Finnsætt, af Mýrum. Lítið er vitað um Steinunni fyrstu ár hennar en hún var í Skálholti árin 1657–1662, nálægt sautján til tuttugu og tveggja ára, og vann fyrir sér þar. Árið 1671 eignast hún sitt eina barn, Guðrúnu, með Þorbirni Eiríkssyni (f. um 1620) bónda í Hrunamannahreppi. Hjónaband Steinunnar og Þorbjarnar virðist ekki hafa staðið lengi. Steinunn hefur líklega flutt ásamt Guðrúnu dóttur sinni í Höfn en þaðan var Björn Þorsteinsson (ca. 1655–1733) eiginmaður Guðrúnar. Árni Magnússon ritar að hún hafi verið í Höfn 1710 og hefur hún þá a.m.k. náð 69 ára aldri. Guðrún og Björn áttu mörg börn og nafnkunnast þeirra er Snorri (1710–1803) skáld og prestur á Húsafelli. Guðrún dóttir Steinunnar dó árið 1726.⁶³

Steinunni er lýst þannig að hún hafi verið kát og skáldmælt, hafi viljað skemmta fólki með kveðskap frekar en þegja en hafi líka leitað á náðir skáldskaparins í andstreymi. Hún segist í vísu í *Snækóns rímum* ekki óttast að guð refsir henni fyrir glaðlyndið en guðsótti kemur víða fram hjá henni. Í mansöngvum afsakar Steinunn stundum skáldskap sinn, eins og rímnaskálda var siður, en hún hefur þó einnig trú á því að síðar meir muni

⁶¹ Louis-Jensen, „Om Ólíf og Landrés, vers og prosa samt kvinder og poeter.“

⁶² Bjarni Vilhjálmsson, „Inngangur“, bls. ix–x.

⁶³ Bjarni Vilhjálmsson, „Inngangur“, bls. x–xiv.

skáldskapur hennar verða lofaður. Hér á eftir verður aftur vikið að mansöngvum í *Snækóngs rímum*.⁶⁴

Árni Magnússon lét skrifa *Snækóngs rímur* upp nálægt aldamótunum 1700. Rímur og kvæði Steinunnar eru varðveitt í einu handriti, AM 146, b, 8vo.⁶⁵ Rímnafélagið gaf þær út árið 1950 og er sú útgáfa notuð hér.⁶⁶ Rímurnar eru fjórar. Fyrsta ríma er 74 vísur, önnur 64, sú þriðja er 68 vísur og sú fjórða 113, séu mansöngvar taldir með. Nýr bragarháttur er á hverri rímu, fyrst ferhenda, þá braghenda, næst úrkast skothent og loks ferhenda. Allar rímurnar hefjast á mansöng.

Eins og fram er komið tilheyrja bæði *Snækóngs rímur* og *Snjáskvæði* ævintýragerð AT 306 II og segja söguna af Snæ/Snjá kóngi sem er álfkona í álögum sem stjúpa hennar lagði á hana en hirðmaðurinn Hrafn leysir hana úr. Steinunn Finnsdóttir tekur þó söguefnið eigin tókum þannig að það er munur á þeirri sögu sem sögð er í rímunum og þeirri sem er í sagnakvæðinu.

Í *Snækóngs rímum* eru miklu fleiri vísur en í *Snjáskvæði* eða 268 vísur á móti 56 ef mansöngvum kvæðanna er sleppt. Þetta gefur hugmynd um þann mun sem er á yfirbragði kvæðanna. Í töflunni sem hér fylgir er lengdarmunurinn á verkunum talinn í vísu- og vísuorðum. Einnig er sýnt í hvaða vísu kvæðanna sameiginlegir efnisþættir þeirra, efnisþættirnir í AT 306 II, koma fram og leitast er við að lýsa því hvernig tilbrigði þeirra eru. Mansöngvum beggja kvæða er sleppt, einnig vísu með íhugunum höfundar *Snækóngs rímna* út frá efninu og vísu í rímunum sem eru frásagnartæknilegs eðlis.

⁶⁴ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, I, bls. 445; Bjarni Vilhjálmsson, „Inngangur“, xiv–xvi.

⁶⁵ Kålund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling*, II, bls. 412–413, sbr. Bjarni Vilhjálmsson, „Inngangur“, bls. xvii.

⁶⁶ Útgáfan er nú aðgengileg í rafrænu formi, á „Karel, rannsóknarvettvangur rímna“: <https://rimur.io/karel/rimur/83>

Tafla 1. Efni vísna í *Snækónga rímum* og *Snjáskvæði*

1. ríma			
<i>Snækónga rímur</i> vísunúmer.	Atburðarás í rímunum.	<i>Snjáskvæði</i> - vísunúmer.	Atburðarás í sagnakvæðinu.
10–26	Geir konungur Háleygja er vinsæll hjá þegnum sínum. Þar kemur sendimaður Snækónga sem enginn þekkir og segir að Snær vilji berjast við Geir um ríkið.		
27–42	Geir kveður þegna sína, fellur og Snær tekur ríkið.		
45–48	Snær tekur ríki Geirs, veitir honum virðulega greftrun og nær vinsældum.		
49–51	Þegnum Snæs sýnist sem hann beri einhvern harm í hljóði.	15	Hirðmenn iðka engar keppnir, eru daprir og það er Snjár líka.
54–59 og 61–73	Margir vildu þiggja vetursetu hjá Snæ kóngi. Hann veitti, gegn því að þeir segðu deili á honum á sumardaginn fyrsta. Engum tókst það og af þeim var höggvið höfuðið og haft til sýnis. Þrjátíu menn brjóta skip sitt við land Háleygja og tapa öllu. Snær ríður til sjávar og býður þeim öllum vist. Aðeins einn þiggur hana, það er Hrafn, en hinir fá nýtt skip og sigla heim.	4, 5, 7–11 og jafnvel til 13. Þáttur II A og B í AT 306 II.	Snjár er konungur Háleygja. Hann býður mönnum oft vetursetu en það fer illa fyrir þeim. Þrjátíu menn verða skipreika í ríkinu og Snjár býður þeim vetursetu; einn þiggur það þrátt fyrir aðvaranir, það er Hrafn.
Lengd í 1. rímu		Lengd í <i>Snjáskvæði</i>	
50 vísur/200 línur, (vísur 10–26, 28–42, 45–51, 54–59, 61–63).		6–9 vísur/48–72 línur, (vísur 4–9 /13+15)	

2. ríma			
18–28	Endurtekið efni úr 1. rímu: Hrafn getur ekki greitt kóngi fyrir vetursetu, kóngur segir að hann þurfi aðeins að segja deili á honum. Hrafn svarar aðvörunum hirðmanna.	10–13	Endurtekið efni: Hrafn segist ekki geta greitt fyrir vetursetu, Snjár segir að hann þurfi aðeins að segja deili á honum að sumri, Hrafn tekur boði Snjás þvert á aðvaranir hirðmanna.
29–32	Viðbót SF: Snær hvetur Hrafn til að koma vil vetursetu.		
33–35	Hrafn kemur til hallar Snæs og fær þar virðulegt sæti.	14	Hrafn ríður til hirðar konungs og fær þar virðulegt sæti.
36–37	Svo líður að veisluhöldum jóla, Snær hverfur frá borðum.		
38–63	Hrafn eltir Snæ niður í mikla á, til alblómgaðra aldinskóga, eftir strætum til gylltrar hallar. Þar heilsa allir Snæ sem konu, þau fallast í faðma, hún og kóngurinn í höllinni. Hann heitir Hálfdan.	17–22 Þáttur III C og G í AT 306 II.	Hrafn eltir Snjá til álfheima. Þegnarnir heilsa Hildigerði álfadrottningu, konu Hálfdans, hún segist verða að fara fyrir hanagal.
Lengd 2. rímu.		Lengd í <i>Snjáskvæði</i> .	
45 vísur að frátalinni vísu 55/170 línur, (vísur 18–63).		11 vísur/88 línur, (vísur 10–14, 17–22).	
3. ríma			
9–10	Hrafn kemur sér fyrir á afviknum stað og fylgist með hjónunum.		
11–49	Hálfdan spyr hvort hún hafi eftirtektarsaman vetrarmann, lítill drengur stóð afskiptur á gólfinu og fékk hring af fingri móður sinnar að leika sér að, ambáttir deila um dauðan kálf, hjónin kveðjast með trega.	23–29 Þáttur III C í AT 306 II	Hildigerður segir Hálfdani að hún hafi eftirtektarsaman vetrarmann. Hún lætur son sinn hafa gullhring til að leika sér að. Tvær ambáttir deila út af dauðum kálfi. Hjónin kveðjast, Hildigerður og Hrafn fara til baka.
50–64	Langar ræður milli hirðmanna og Hrafns um stöðu hans gagnvart kóngi. Hann telur það slæm svik við hjálpsaman kónginn að flýja.	30–34	Sumar nálgast, hirðmenn segja Hrafni að flýja en hann vill það ekki.

65–67	Snær býður til góðrar veislu síðasta sumardag. Veislugestir eru samt hæfilega kátir.	35	Í sumarfögnuði á fyrsta sumardegri biður Snjár konungur Hrafn að segja að hverju hann hafi komist um kónginn.
Lengd 3. rímu		Lengd í <i>Snjáskvæði</i>	
56 vísur/224 línur, (vísur 8–67 að frátöldum 8, 38 og 44 sem eru frásagnartækni).		13 vísur/ 104 línur, (vísur 23–35).	
4. ríma			
19–89	Hrafn segir að Snær sé kona, eigi barn, þrælur hafi deilt um dauða kálfs. Kóngur svarar að hann muni fá að lifa og gefur honum herklæði sín, segir honum svo sögu sína, hann heiti Ólöf Ingjaltdóttir og sé álfadrottning, stjúpa hafi lagt á hana álög. Svo tekur Hrafn við Háleygjum og Ólöf fer til álfheima. Ingjaldur hinn fróði og Hlaðgerður eru foreldrar Ólafar.	35–55 Þáttur IV A,B og C.	Á fyrsta sumardegri segir Hrafn að Snjár sé drottning og nú kemur saga hennar fram, stjúpuálögin og sigurinn yfir Geir Háleygjakóngi. Snær gefur Hrafn ríki sitt og fer aftur til álfheima. Snær heitir Hildigerður Logadóttir í álfheimi og er gift Hálfani álfakóngi.
90–110	Viðbót SF: Ólöf fer til álfheima, þá er Hálfan látinn. Barði bróðir hans tekur við ríkinu af því að sonur Ólafar er of ungur til þess. Hrafn saknar Ólafar, heimsækir hana, biður hennar og þau giftast. Þau reisa bú í Háleygjum, áttu börn og lifðu kristilega.		
Lengd 4. rímu		Lengd í <i>Snjáskvæði</i>	
91 vísur/ 364 línur, (vísur 19–110).		20 vísur/ 80 línur, (vísur 35–55).	

Eins og hér má sjá þá færir Steinunn sögupáttinn um Geir Háleygjakonung fremst í rímurnar og eykur við efnið um hann þannig að nánast öll fyrsta ríma, fimmtíu ferhendur, segir frá því hvernig Snær sigraði hann. Í sagnakvæðinu kemur þetta atriði ekki fyrr en undir lok sögunnar og er þá lítil hluti af frásögn álfadrottningar um álögin sem hún varð fyrir. Með breytingu Steinunnar verður Snær mun grimmari kóngur og hermenn hans

ofbeldisfullri og þjáningin sem hann veldur þegnum Geirs stærri í sniðum. Steinunn bætir einnig við alveg nýjum kafla í lok síðustu rímunnar, 18 ferhendum, þar sem Hrafn og Ólöf Ingjaltdóttir giftast í lok sögu, búa í Háleygjum, eignast börn og lifa vel kristin. Ekki er augljóst hvaðan þessi endir og upphafskaflinn um sigur Snæs á Geir kóngi hjá Steinunni kemur en betur verður hugað að því síðar. Fyrir utan breytta upphafs- og endakafla í *Snækóns rímum* eru tilbrigðin við efnisþættina í AT 306 II þau sömu í *Snækóns rímum* og *Snjáskvæði*.

Taflan sýnir líka hve mikill munur er á lengd verkanna, þar sem rímurnar eru ýmist tvisvar eða þrisvar sinnum lengd samsvarandi söguhluta í sagnakvæðinu. Steinunn lengir mjög allar lýsingar, sviðsetur meira, skrifar lengri samtöl og dregur tilfinningar persónanna meira fram en gert er í *Snjáskvæði*. Svo virðist sem efnið sjálft hafi einfaldlega glætt ímyndunarafli hennar og skáldgáfu mjög mikið, og það í bland við forn fræði sem hún virðist þekkja vel, viðhorf hennar tíðar og líf hennar sjálfrar hafi ráðið mestu um hvaða tókum hún tekur efnið.

Um málfarið á *Snækóns rímum* almennt má segja að það er nokkuð tyrfið fyrir nútímamann og hugsanlega einnig fyrir margt samtímafólk Steinunnar. Mestu veldur hve heiti og kenningar eru mikið notuð, hve algeng tökuorð eru og hve orðaröð raskast mikið vegna þessa.⁶⁷ Bragarhættirnir hafa líka sitt að segja um orðaröð og orðaval því rím, ljóðstafir og hrynjandi þurfa að vera í samræmi við háttinn. Verður nú hugað betur að nokkrum einkennum stílsins.

Heiti og kenningar eru um kóng, hermenn, þegna, konur, börn, skáldskap, goð, Guð, gull, jörðina, sjóinn, dag og nótt og flestar eiga rætur að rekja til forns skáldskapar. Í lok fjórðu rímu felur Steinunn nafn sitt í rúnum og skrifar undir verkið sem höfundur, með því að stafa heiti rúnanna sem notaðar eru í nafni hennar. Þetta er enn eitt merkið um áhuga hennar á fornum fræðum en um rúnir var talsvert ritað á 17. öld.⁶⁸

Steinunn notar einnig annars konar kenningar. Um sína eigin rödd og hug: „Raddar tein vill ræmin þjá / að ræða um dauða granna“ (bls. 75) og „Hyggju þing ég hef óskýran“ (bls. 95). Um sjóinn notar hún *svana brekkur* (bls. 76), *rostungs flet* (bls. 96), *fiska dvelja*

⁶⁷ Orð og orðasambönd sem sum hver má ætla tökuorð eru talsvert mörg í *Snækóns rímum*. Til dæmis má nefna *frómur, dikta, sorgarkrankur, plag, anza, boðun kífs, krenktur, með kurt, kífs á reit, herleg, maktin heims, blífa, glyslagt, þrjál, séleg drós, ringjast (ringdust), rogun mála vafa, bevísing, biðja sér til ekta*. Þegar þau koma saman við önnur einkenni kvæðisins fær málið á sig svolítið framandi svip.

⁶⁸ Sjá Bergljót Kristjánsdóttir, „Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum ...“, bls. 165–219.

(bls. 82) en elsta dæmið um kenninguna *fiska dvelja* er einmitt eignað Steinunni.⁶⁹ Þessar kenningar eru allar auðskildar og kunnuglegar enda sóttar í náttúruna. Tvær þekktar vísur úr mansöng fjórðu rímu sækja myndmál til sama umhverfis, þ.e. vísurnar um rjúpuna og svaninn:

Hírir rjúpan huld í dún
hver á sínum vegi;
þó svanurinn betur syngi en hún
sér til móðs fær eigi.

Kemur rómlag ekki eitt
upp af fuglum tjáðum;
þenki ég sá, sem þeim hefur veitt,
þiggi jafnt af báðum.⁷⁰

Fornt skáldamál kemur einnig við sögu í kenningum um skáldskapariðkun. Í næstu töflu er sýnt hvernig Steinunn notar kenningar með dvergabáta í myndlið til að leiða söguna frá einu atriði til annars þar til söguefnið er upp urið.

⁶⁹ Sbr. <https://malid.is/leit/fiskadvelja>

⁷⁰ Steinunn Finnsdóttir, „Snækóns rímur“, bls. 96.

Tafla 2. Bátskenningar í Snækóns rímum

1. ríma, vísunúmer.	<i>Kenningar og beiting þeirra.</i> –Bátarnir færa frásögnina frá einu atriði til annars og lýsingar á siglingu þeirra eru myndhverfingar yfir það hvernig skáldskapariðkunin gengur.	<i>Bátskenning, mynduð af dvergsnafni og heiti á fleytu.</i> <i>Dverganöfnin eru m.a. í Völuspá.</i>
9 (síðasta vísa mansöngs, bls. 68).	„þó skal loksins Litars bát láta úr nausti ganga.“ – Loksins skal láta Litars bát fara á sjó: notað yfir að nú skuli byrja rímuna.	Litars bátur.
27 (bls. 71).	„Heim til hallar Hleiðólfs far hlýtur nú að víkja“ – Far Hleiðólfs tekur sveigju; notað yfir að nú víkur sögunni annað, heim til hallar Geirs að kveðjuræðu hans yfir þegnum sínum. Svona er skipt um sjónarhorn í frásögninni, ræðu Snækóns lýkur og Geir fær orðið.	Hleiðólfs far.
74 (síðasta vísa, bls. 77).	„orðum gleymsku krenktan kugg Klóðólfs lending sendi.“ – Kuggur Klóðólfs er kominn laskaður að landi; notað yfir að skáldið þarfnist hvíldar og hlé verði á sögunni.	Klóðólfs kuggur.
2. ríma, vísunúmer.		
1 (fyrsta vísa mansöngs, bls. 78).	„Skylda eg láta Litars far af landi bruna“ – Ég skyldi láta Litars far bruna frá landi; ég myndi fús byrja rímu (ef börnin myndu vilja læra hana).	Litars far. ⁷¹

⁷¹ Sbr. Finnur Jónsson, *Ordbog til de af Samfund udgivne til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*, bls. 83 og 243.

11 (mansöngur, bls. 79).	<p>„Finnast þeir, sem Frosta hræra fákinn rasta“</p> <p>– Frosta fákinn rasta hreyfa sumir til að ...; til eru þeir sem hreyfa orðum, beita skáldskap til að ...</p>	Frosta fákur rasta (samsett af dvergsheiti og kenningu um skip).
17 (bls. 80).	<p>„Bátur Austra brákaðist þar бага vafni“</p> <p>– Bátur Austra brákaðist; notað yfir að frásögnin var stöðvuð. Sagan hætti þar sem kóngur bauð Hrafni veturvist.</p>	Bátur Austra.
56 (bls. 84).	<p>„Þóttu hindin Þulins aftur þangað dragnar“</p> <p>– Þóttu hind Þulins tekur sveigju; nú verður haldið áfram með söguna þar sem frá var horfið eftir að staldrað hefur verið lengi við lýsinguna á álfheimum.</p>	Þóttu hind Þulins (samsett af kenningu um skip og dvergsheiti).
64 (síðasta vísa, bls. 85).	<p>„Norðra knörinn bernskan brýtur/berst að landi öngvu nýtur.“</p> <p>Norðra knör berst laskaður að landi; tími kominn að ljúka rímu, er orðin lúin.</p>	Norðra knörinn.
3. ríma, vísunúmer.		
2 (í mansöng, bls. 86).	<p>„sízt því fagur Suðra knör/á sundi dragnar.“</p> <p>– Suðra knör kemst ekki af stað í siglinguna; notað um að illa gangi að komast af stað með rímuna.</p>	Suðra knör.
7 (í mansöng, bls. 87).	<p>„láti heimskir Litars skútu/liggja kyrra.“</p> <p>– Litars skútu eiga heimskir menn að láta liggja kyrra; notað yfir að heimskir láti það vera að yrkja. Heilræði.</p>	Litars skúta.
8 (bls. 87).	<p>„þar mig minnir Þulins farmur/protnað hefði.“</p> <p>– Bátur Þulins var nefndur í 56. vísu annarrar rímu, hér er það farmur</p>	Þulins farmur.

	Pulins/bátsins, efnið, sem þraut fyrr í sögunni; notað yfir að halda áfram með söguna þar sem áður var frá horfið.	
38 (bls. 91).	„Sveimar þangað Sónar straumur“ – Sónar straumur rennur þangað; notað yfir það að víkja að öðru efni.	Sónar straumur: Són er nafn á kerri undir skáldamjöldinn og straumur heiti yfir mjöldinn. Merkir skáldskapur. Kenningin er notuð á svipaðan hátt og bátskenningarnar.
44 (bls. 92).	„Frosta villtur ferju stafn/nú flýtur þangað“ – Ferjustafn Frosta hefur stefnt út og suður en flýtur nú í tiltekna átt; notað yfir að víkja sögunni að Hrafni sem hefur fylgst með öllu.	Frosta villtur ferjustafn.
4. ríma, vísunúmer.		
1 (í mansöng, bls. 96).	„Frosta knör í fjórða sinn/fram mun hljóta að dragna“ – Bátur Frosta verður að dragnast á sjó; notað yfir að hefja rímu.	Frosta knör
17 (bls. 98).	„Rasta knörinn ráfar enn/rétt kann ekki að halda“ – Rasta knörinn heldur ekki enn stefnunni; notað yfir að ná tökum á frásögninni/ skáldskapnum.	Rasta knör
103 (bls. 110).	„Óma ferju út á dröfn/áður fyrri vendi; mér sýnist best í sömu höfn/Suðra knörinn lendi.“ – Áður sneri ég Óma ferju út á haf, mér sýnist best að Suðra knör lendi í sömu höfn; notað yfir að huga að því að fara að ljúka við efnið.	Óma ferja og Suðra knör. Ómi er Óðinsheiti.

113 (bls. 112)	<p>„Sá mitt heyrir Sónar klið/samið af ljóða grundu“</p> <p>– Sá sem heyrir skáldskap minn, saminn á grundvelli ljóða (saminn við ígrundun ljóða)</p>	<p>Sónar klið merkir niðurinn í straumi Sónar (nefnt í vísu 38 í þriðju rímu), niðurinn í skáldamiðinum.</p>
----------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Þessar kenningar lýsa því að á ýmsu gangi á siglingunni. Bátur dragnast ekki á sjó, hann er látinn ganga úr nausti, honum er snúið og siglingaátt breytt, honum er beitt aftur á rétta leið, hann brákast og strandar og honum er lent. Siglingin gengur ekki alltaf greitt; eins er það með samsetningu rímnanna. Dvergabátarnir eru myndhverfingar fyrir starf höfundar og aðrar myndhverfingar eru fyrir skáldskapinn. Það er snjallt hjá Steinunni að þræða söguna áfram á þennan hátt.⁷²

Rímurnar eru víða torskildar og ekki víst að börn hafi skilið þær að öllu leyti vel, jafnvel þótt Steinunn tileinki þær börnum. Það er afar ólíklegt annað en að rímurnar séu ortar með fullorðið fólk í huga. Í mansöngvum rímnanna kemur t.d. víða fram að Steinunn eigi í erfiðu sambandi við lærða karla eða lærdómshefð hinna lærðu karla sem henni finnst hún vera útilokuð frá. Hún áminnir þá sem hafa þegið miklar gáfur af Herranum um að nota þær ekki til að særa aðra. Hún kærir sig ekki um að hæðst verði að kveðskap sínum en vill þiggja ráð um það sem betur má fara, og hún segir að kvæði hennar henti betur ómenntuðum konum eins og henni en lærðum mönnum. Sama sýn á stöðu hennar sem skálds kemur fram í mansöngvum *Hyndlu rímna*. Inn í söguþráðinn skýtur Steinunn líka vísu þar sem hún íhugar söguefnið og ýmislegt fleira. Í vísu 43–44 í fyrstu rímu í *Snækóns rímu* leggur hún út af dauða Geirs konungs og fjallar um vald dauðans yfir öllum mönnum; að völd og vinsældir megi sín lítils gagnvart dauðanum og því skyldu valdamenn hreykja sér hóflega. Í 52.–53. vísu sömu rímu leggur hún út af sinnisveiki Snæs konungs sem hrifsaði til sín ríki Geirs og segir að þeir sem beita rangindum til að öðlast auð og metorð verði ekki glaðir. Í mansöng fjórðu rímu má jafnvel sjá boðskap Steinunnar eða það sem hún vill kenna með rímunni:

⁷² Sbr. Finnur Jónsson, *Ordbog til de af Samfund udgivne til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*, bls.18.

Bevísing er efnið óðs
allvæn hjalinu mínu;
fátækur gat fært til góðs
fylkirs harma þínu.

Hefði auman hrakt sér frá
horskur stála Baldur,
liðsemd hefði ei þegið þá
af þeim um rauna aldur.⁷³

Hefði Snær kóngur hrakið frá sér skipbrotsmanninn Hrafn hefði hann aldrei losnað undan raunum sínum; síðar í þessum mansöng segir: „Vaskar hendur vondri flík, vefjast oft og tíðum“ og er það enn ein áminning um að ekki skuli vanvirða fátækt fólk. Í mansöngvunum og íhugunarvísunum koma fram skoðanir og vilji til að kenna og leiðbeina. Það getur verið ætlað börnum en er líka tjáning höfundar og samtal hans við samferðafólk. Ekkert af þessu tagi er að finna í sagnakvæðinu og þetta er því viðbót Steinunnar.

Um viðbót Steinunnar við söguna þar sem Hrafn og Ólöf giftast hefur Shaun F. D. Hughes fjallað ítarlega, einkum um þann kynusla sem fylgir klæðskiptum Ólafar Ingjaldsdóttur en hún er bæði Ólöf álfadrottning og Snær kóngur. Hughes segir að í kvæðislok færi Steinunn þær hugmyndir um fljótandi kyn eða hverfult sem birtist í rímunum – og í sagnakvæðinu – til samræmis við kenningar lútherskrar kirkju og yfirvalda um kynhlutverk, kynferði og kynhegðun, eins og þær voru nokkru eftir siðaskiptin. Snúist var af þrótti gegn því sem var á annan veg, þeir sem voru á jaðri samfélagsins á Íslandi á 17. öld voru galdramenn, útlagar, huldufólk og þeir sem gengu gegn siðferðskröfum Stóradóms. Í *Snækóns rímum* sé Snjár tákn fyrir hinseginleika, margrætt eða fljótandi kyn, og Steinunn telji að taka þurfi af þann vafa sem í kvæðinu er um kyn og kynhlutverk og samræma þetta því sem kirkja og yfirvöld boðuðu. Þess vegna láti Steinunn Ólöfu sem snúið hefur aftur til síns upphaflegs kyns giftast Hrafn, eignast börn og iðka kristna trú. Hér megi þá sjá gamalt dæmi í íslenskum bókmenntum um hvatningu til bælingar á fljótandi eða „villtu“ kyni.⁷⁴ Þetta tengir Hughes svo við samfélagsleg vandamál á

⁷³ Steinunn Finnsdóttir, „Snækóns rímur“, bls. 98.

⁷⁴ Hughes, „Steinunn Finnsdóttir and Snækóns rímur“, bls. 184. Hughes ræðir einnig enn eldra dæmi, úr *Njáls sögu*, um það þegar skilningi samfélags á kyni er ögrað og segir að dæmið lýsi því hvernig aðeins ásökun um ergi geti hrint af stað stórtækri upplausn. Eftir að Flosi á Svínafelli móðgar Njálssyni

ritunartíma rímnanna en einnig við sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur, jafnöldru Steinunnar og samtíðarkonu í Skálholti.

Brynjólfur Sveinsson biskup og faðir Ragnheiðar lét hana sverja eið fyrir altari um að hún væri óspjölluð mæð en svo ól hún níu mánuðum síðar barn, utan hjónabands, og lést rúmu ári síðar. Sonur Brynjólfs biskups, eiginkona og sonur Ragnheiðar létust einnig á næstu árum. Hughes bendir á að þessir atburðir hljóti að hafa snert Steinunni djúpt og að það komi fram í kvæðinu, til dæmis í kaflanum um giftingu Ólafar og Hrafns.⁷⁵ Tenging Hughes við samfélagslegar aðstæður er á sömu nótum og umfjöllun Gísla Sigurðssonar um *Kötludraum*. Gísli telur þar birtast mildari viðhorf til siðferðisbrota en tíðkuðust opinberlega eftir siðaskiptin. *Kötludraumur* segir frá Kötlu sem kennir huldumanni barn, og eiginmaður Kötlu gengur því í föðurstað. Gísli telur að vinsældir *Kötludraums* megi e.t.v. skýra með því að þar hafi fólk fundið andóf gegn ströngum siðferðiskenningum eftir siðaskiptin.⁷⁶

Lee Colwill hefur einnig fjallað um kynferði eins og það birtist í *Snjáskvæði*. Colwill bendir á að í kvæðinu komi fram sá skilningur á kynferði að það sé ekki endilega það sama og líffræðilegt kyn heldur sé það háð hugmyndum samfélags um kyn; að kynferði sé félagslega ákvarðað en ekki eingöngu líffræðilega. Þannig getur hermansgervi Hildigerðar gert hana að Snæ kóngi og þegar hún kastar því og tekur upp búning álfkonunnar sé hún drottning.⁷⁷ Þótt hugsanlegt sé að vinsældir sagna um kyngervi og klæðskiptinga hafi þokað fyrir lögum og boðum yfirvalda á síðari öldum má nefna a.m.k. eina sögu sem felur í sér þetta sambærilega þema, en það er *Saga af fjórum kaupmönnum* sem var þýdd yfir á íslensku á 17. öld.⁷⁸

með dylgjum um ergi föður þeirra þegar reynt er að ná sáttum eftir víg Höskuldar Hvítanesgoða og Steinþór Njálsson svarar í sömu mynt þannig að sættirnar eyðileggjast renni upp tími hefnda og frá því segi það sem eftir er af sögunni. Í elstu norskum lögum sé blátt bann lagt við því að ásaka menn um ergi og það endurspegli samfélag þar sem slík ásökun ein og sér geti kostað mannvíg og eyðileggingu. Frá svipuðu samfélagi sé sagt í *Njáls sögu* og áður nefnt dæmi lýsi því. Hughes, bls. 243.

⁷⁵ Hughes, „Steinunn Finnsdóttir and Snækóns rímur“, bls. 247–248.

⁷⁶ Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“, bls. 189–217. Um viðhorf kirkjunnar til þjóðlegs efnis og skemmtana eftir siðaskipti sjá einnig Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, II, bls. xv–xxviii; Ólafur Davíðsson, *Vikivakar og vikivakvæði*, bls. 6–51.

⁷⁷ Colwill, *The King's Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*, bls. 46–49.

⁷⁸ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Fjórir kaupmenn og klæðskiptingur. Um tilurð og áhrif almúgabókar“, bls. 59–84.

7. Um Rímur af Snæ kóngi

Tvennar aðrar rímur voru ortar út af efni *Snjáskvæðis*. Þær eru eftir þau Guðrúnu Jónsdóttur og Gísli Sigurðsson. Gísli Sigurðsson var fæddur árið 1772 á Skógarströnd á Snæfellsnesi. Hann bjó á Klungurbrekku og Ósi. Eftir hann eru þekktar sex rímur og ýmiss annar kveðskapur. Hann lést árið 1826. Gísli orti *Rímur af Snæ kóngi* árið 1817.⁷⁹ Tvö handrit af þeim eru skráð á handrit.is. Þetta eru Lbs. 2515 8vo, skrifað árið 1877 af óþekktum skrifara og Lbs. 4875 8vo, skrifað af Kristjáni Ívarssyni árið 1876. Rímur Gísla hafa aldrei verið gefnar út og byggist umfjöllunin hér á Lbs. 4875 8vo. Þetta er pappírshandrit, fremur illa farið og víða erfitt að lesa úr skriftinni. Rímurnar eru þrjár talsins og bragarhættir ferkvæðir og þríkvæðir.

Sagan af Snæ kóngi í rímum Gísla fellur vel að ævintýragerð AT 306 II, tilbrigði 2, þ.e. tilbrigði *Snjáskvæðis*, og í aðalatriðum er hún eins og þar. Hér verður efni rímnanna endursagt þar sem ekki er hægt að vísa til prentaðrar útgáfu og leitast við að láta eitthvað af afbrigðum efnispáttanna koma fram en þau eru misjöfn í rímunum þremur um Snæ kóng.

Fyrsta ríma segir frá Snæ kóngi Háleygja sem er vinsæll og örlátur. Hann tekur menn til vetursetu gegn því að þeir segi á honum deili á sumardaginn fyrsta en drepur þá annars. Skip strandar í ríkinu og meðal skipbrotsmanna er Hrafn/Rafn sem fær vetursetu hjá Snæ (hér eftir (H)rafn). Þetta samsvarar efnispáttum II A og B í AT 306 II 2. (H)rafn tekur eftir því að Snær er dapur og fylgist með honum. Eitt kvöld eltir (H)rafn Snæ út að vatni sem Snær steypiti sér svo í og (H)rafn á eftir honum. Þetta er hluti af III C í AT 306 II 2 en afgangurinn kemur í næstu rímu. Hér endar fyrsta ríma.⁸⁰

Önnur ríma: Undirheimar eru alblómgaðir; þar er hvít og gullskreytt höll og þegnarnir heilsa Snæ kóngi sem drottningu Hálfðans kóngs. Þarna er lítill sonur drottningar sem fær ekki athygli hennar en hún réttir honum hringa sína að leika sér að. Kóngur spyr hvort ekki sé að leysast vandi hennar og hún segir að nú sé hjá henni maður sem stari sífellt á sig; ef vandinn leysist ekki með honum þá sé þetta í síðasta sinn sem þau hittist. Þá koma þar inn dyrgjur tvær með látum (sbr. dvergvaðnar konur) og segja að

⁷⁹ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, 2, bls. 44–45.

⁸⁰ Gísli Sigurðsson, Lbs. 4875 8vo, bls. 87–93.

kálfur hafi dottið fyrir björg en kóngur segir að hann óttist að verða fyrir miklu stærri skaða sem nærri gangi af honum dauðum; hér lýkur afbrigði C í efnispætti III og næst kemur III G: (H)rafn komst heim og upp í rúm fyrir dag. Þá kemur þáttur IV A: Nú líður að sumri, vinir (H)rafns segja að hann muni verða drepinn en hann trúir því ekki. Loks spyr Snær (H)rafn um það hver hann sé og (H)rafn fer undan í flæmingi; er honum þá hótað dauða og segir (H)rafn þá frá barninu, hringunum og drósum sem deildu um dauðan kálf. Hér lýkur rímunni með vísu um að skáldið geti ekki þulið lengur fyrir svannann vegna ákafrar leti og fleygi sér í fleti.⁸¹

Þriðja ríma hefst á nokkrum mansöngsvísu um að ort sé til að skemmta sprund, skáldið hafi unnið mest annað en yrkja um dagana og kunni lítið. Svo heldur sagan áfram og hefst á IV B: drottning gaf (H)rafni fimm gullhringa, hjálm og gullroðinn flein og drekkhlaðið skip. Konan fór svo úr konungsklæðum sínum og gaf þau (H)rafni. Þá kemur hluti af IV A: Hann spyr nánar um hana og hún segir honum sögu sína: Hún er dóttir Sæloga í álfheimum. Hann tók sér frillu af hulduálfakyni sem hún vildi ekki vingast við. Hún giftist góðum Hálfdani, fær síðan féttir af láti móður sinnar og fer til föðurhúsa. Hún er að greiða sér er dyrgjan kemur og leggur á hana álög. Þessi álög áttu að halda í tíu ár en eftir það myndi hún verða sem úlfur meðal dýra, nema einhver gæti komist að öllu um eðli hennar. Að lokum kemur IV C: álfadrottning fer til álfheima og (H)rafn ríkir sem kóngur Háleygja.

Í rímunum má þá sjá þrjá efnispætti AT 306 II 2, þ.e. þátt II A og B um hirðmanninn sem fær vetursetu, þátt III C og G um ferð konungs og vetrarmanns til álfheima undir vatni og þátt IV, að vetrarmaður segir að Snær sé álfadrottning og fær ríki hans að launum á meðan frjáls álfadrottning fer til álfheims. En eitt atriði í frásögn álfkonunnar af álögum stjúpunnar er þó öðruvísi hér en í öðrum verkum en það er að álfadrottning muni kenna *föður sínum* barn sem annar eigi og kalla yfir sig hatur flestra manna en ef hún greini frá því að hún hafi gert þetta vegna álaga frillunnar muni hún deyja. Vísurnar eru svona:

„Sveinbarn fæðir sem að næðir kjenna
þínum föður þorna gná
þó til öðrum heyri sá.

Hjer af flestir hata mest þig gjera
enn ef segir satt frá því
sjertu slegin dauðan í.

⁸¹ Gísli Sigurðsson, Lbs. 4875 8vo, bls. 93–100.

Indi misstu, eimdir gistu kaldar,
hátt æpandi horfin sæmd,
héðan af landi burtu flæmd.⁸²

Til viðmiðunar má skoða vísuna í *Snjáskvæði* þar sem stjúpan leggur álögin á en þar segir að mönnum sýnist Hildigerður vera karlmaður, sonur síns föður:

„Þú munt svanni eiga
svein í vonum,
seggir ætli þig þó
son þíns föður;
víf, skaltu deyja
ef vita það fleiri,
sýnt munu þér af því
sorgirnar vaxa.“⁸³

Ekki er útilokað að þessi munur munur á vísunum hjá Gísla og í sagnakvæðinu stafi af misritun eða því að þetta komi úr öðru handriti en þó þarf það ekki að vera. Aðalheiður Guðmundsdóttir hefur fjallað um gerðir álaganna sem stjúpur hneppa stjúpbörnin í. Fernt er þar talið, að stjúpan leggi myndhverfandi álög á stjúpbarn, sendi það í tröllahendur, láti það fara í sendiför eða geri þeim annað mein. Hér eru álögin annars konar, stjúpdóttir lýgur kynferðisglæp upp á föður sinn og deyr ef hún segir frá því. Þetta vekur aðrar tilfinningar og spurningar en önnur álög sagnanna.⁸⁴ Margir fræðimenn hafa bent á að í sögum sem gerast í tveimur heimum, eins og álfasögur gera, sé veruleikinn speglaður og sjá megi ýmislegt um líf fólks fyrir á tíð.⁸⁵ Svo virðist sem rímur Gísla komi inn á lygavef í kringum sifjaspellsmál. Vitað er að þolendum kynferðisofbeldis er ekki alltaf trúað og ýmislegt reynt til að koma sökinni á þá. Ef álög vondu stjúpunnar eru tekin sem hliðstæða við þá sem reyna að þagga niður í þolendum þá geymir ríman áminningu um réttlátari framkomu við þolendur kynferðisofbeldis. Það er talsvert er dekkri blær yfir þessum hluta en er í *Snjáskvæði* og hinum rímunum tveimur.

Mansöngsvísur eru í upphafi rímnanna en vísur sem tengjast skáldinu er þó skotið inn víðar. Skáldið ávarpar áheyranda/lesanda rímnanna í lok 2. rímu með þessari vísu:

⁸² Gísli Sigurðsson, *Lbs.* 4875 8vo, bls. 105.

⁸³ Ólafur Davíðsson, *Þulur og þjóðkvæði*, bls. 36.

⁸⁴ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Stjúpur í vondu skapi“, bls. 27.

⁸⁵ Sjá Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“, bls. 189–217.

Ekki gjet jeg þulið þjer
þáttin leingri svanni
af því letin áköf hjer
ofaní fletið kastar mjer.⁸⁶

Þarna glittir í latan mann eða þreyttan og svo gerir hann hlé á rímunni. Þriðja ríma hefst á nokkrum vísnum um að ort sé til að skemmta sprund en skáldið hafi unnið mest annað en að yrkja um dagana og kunni lítið. Þetta er líkt því sem hin rímnaskáldin koma inn á en er hér með sínu lagi, en sambærilegar klausur um vankunnáttu rímnaskáldins eru algengar í mansöngvum rímna.⁸⁷

Mansöngsvísurnar þjóna því hlutverki að mynda tengsl við þann sem á hlýðir eða kvæðið er ætlað, þær segja hvernig gengur að yrkja og hvenær kvæðið sé búið og í þeim er kveðja í lokin. Í lokaerindum rímnanna segir að efnið endi og rímurnar líka, eins og verið sé að yrkja eftir ákveðnu, jafnvel uppskrifuðu efni og að rímurnar séu ortar til kvenkyns viðtakanda, sem er að öðru leyti óþekktur.

Oss nú geimi æðstur himnasmiður
veiti blessan, líkn og lið
djúpt ég þess af hjarta bið.

Ekki fjekk jeg efnið þetta meira
má því enda mæðar kver
og mun nú senda blöðin þjer.⁸⁸

Eins og sjá má á vísunum sem hér eru valdar úr rímunum er málfarið auðskilið; aðeins ber á að það sé fyrnt en annars eru engin áberandi sérkenni.

Fá nöfn koma fyrir í rímum Gísla, t.d. hefur engin kona nafn, ekki drottning Hálfðans eða nein kona í hennar ætt; það eru aðeins Sælogi, Snær, (H)rafn og Hálfðan kóngur í álfheimi sem hafa nöfn. Nafnið Sælogi kemur fyrir í nokkrum handritum *Snjáskvæðis*, í útgáfu Ólafs Davíðssonar er „sæll Logi/löndum stýrði/og liði mörgu“.⁸⁹ Hugsanlegt er að Gísli Sigurðsson hafi haft einhverjar af uppskriftum AM 154 til hliðsjónar við rímnagerðina, eins og vísan um álög stjúpunnar sem rædd var hér að framan gæti mögulega bent til. Í

⁸⁶ Gísli Sigurðsson, *Lbs. 4875 8vo*, bls. 100.

⁸⁷ Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, 278–281.

⁸⁸ Gísli Sigurðsson, *Lbs. 4875 8vo*, bls. 107.

⁸⁹ Ólafur Davíðsson, *Þulur og þjóðkvæði*, bls. 36.

rímum Guðrúnar frá Stapadal heitir faðir álfkonunnar einnig Sælogi en að öðru leyti virðast þær vera tengdari rímum Steinunnar Finnsdóttur en rímur Gísla Sigurðssonar.

8. Um *Rímur af Snjá konungi*

Guðrún Jónsdóttir var fædd árið 1767 á Þverá á Barðaströnd og var af vestfirskum ættum. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum fram yfir tvítugt. Hún bjó í Arnarfirði öll fullorðinsár sín, á ýmsum bæjum, með Grími Jónssyni (ca. 1780–1838). Árið 1825 fóru þau Guðrún og Grímur í vinnumennsku að Stapadal í Arnarfirði og þar orti hún *Rímur af Snæ kóngi* fyrir Ebenezer Þorsteinsson (1769–1843) sýslumann í Ísafjarðarsýslu. Guðrún var í Stapadal til 1849 eða 1850. en hún dó árið 1850 í Hringsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.⁹⁰

Þrjú handrit eru skráð á handrit.is af *Rímum af Snjá konungi* eftir Guðrúnu Jónsdóttur. Þetta eru handritin Lbs. 5178 4to frá 1903–1905 skrifað af Magnúsi Hj. Magnússyni (1873–1916), JS 433 IV 8vo líklega frá 1750–1850 og e.t.v. skrifað af J. Jónssyni, og handritið Lbs. 3609 8vo frá 1885–1888, skrifað af Sólveigu Ásgeirsdóttur (1873–1900) á Skjaldfönn í Kirkjubólssókn í N-Ísafjarðarsýslu. Sólveig Ásgeirsdóttir hefur þá verið 12–15 ára þegar hún skrifaði rímurnar niður. Rímur Guðrúnar hafa einnig verið eignaðar, með óvissu þó, Þorsteini Jónssyni í Öndarfirði.⁹¹ Þær hafa ekki verið gefnar út og hér er unnið út frá handriti Sólveigar Ásgeirsdóttur.

Saga Guðrúnar Jónsdóttur af Snjá kóngi fellur vel að ævintýragerð AT 306 II en Guðrún byrjar rímuna á kafla um Geirmund kóng Háleygja sem Snjár fellir með grimmd og tekur ríkið af og endar hana á kafla þar sem álfadrottningin kemur frá álfheimum og giftist hinni mennsku hetju sem leysti hana úr álögum. Þetta er eins og í rímum Steinunnar Finnsdóttur; þar kemur fyrst sagan af Geir og í lokin giftast álfkonan og Hrafn. Rímurnar eru fimm hjá Guðrúnu og bragarhættir fjölbreyttir: ferskeyttur háttur, afhending meiri, stikluvik og lykluð fléttubönd.

Fyrsta ríma segir frá konungi Háleyinga sem heitir Geirmundur. Snjár kemur á skipi og heimtar helminginn af landi hans. Snjár drepur Geirmund og lætur jarða hann, og ríkir svo með rausn og virðingu. Þá ber þar að á skipi Tyrfin, sem fær vetrarvist hjá Snjá og á að

⁹⁰ Um rímur Guðrúnar, sjá Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, II, bls. 56–57.

⁹¹ Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, II, bls. 701.

segja honum í staðinn hver hann sé. Kóngur grætur á kvöldin og horfir sorgmæddur á Tyrfing. Enginn hirðmanna þorði þó að spyrja kóng af hverju hann gréti.⁹²

Önnur ríma hefst á því að á sumardaginn fyrsta spyr kóngur Tyrfing hver hann sé en hann veit það ekki svo kóngur sneiðir af honum höfuðið svo blóðið fossar undir borðið. Kóngur sést ekki í þrjá daga á eftir. Hirðin er skelkuð en loks birtist kóngur og skýrir frá því að hann sé sjúkur af kvíða. Leið svo sumarið. Þá ber að landi skip, stýrimaður er sænskur og heitir Tómas. Sá biður vistar og fær, með sömu kjörum og Tyrfingur. Einn var þarna í hirðinni „skegglaus miðlungsmaður“ sem heitir Stefnir og einhver uppnefnir hann „þíku hálfa“. Reiddist þá Stefnir og segir að Tómas muni ekki geta sagt kóngi í sumar hver hann sé og muni deyja en Tómas segir að hann muni geta mætt kónginn eins og vert sé. Nú kemur kóngurinn og biður þá um að vera til friðs. Á sumardaginn fyrsta skipar kóngur í sæti og spyr Tómas um svárið. Tómas mærir kóng, segir ljóst að hann sé kóngur á láði, göfugur, vígalegastur vopnklæddur, gjöfull, geðprúður, völdugur og viskuríkur; á þetta nennir kóngur ekki að hlusta og sníður höfuðið af Tómasi. Gekk hann svo grátandi á brott og sást ekki í sjö daga. Þá kemur hann aftur og gleður kapp sína með miklu örlæti. Síðan koma sex menn sem allir fara sömu leið: Brandur, Tófi, Brettingur, Úlfur, Grímur og Einar sterki. Þá strandar skip, konungur fer á strandstað og mætir hæverskum manni, Rafni, og konungi fer að líða betur.⁹³

Þriðja ríma hefst þar sem Rafn fær vetrarvist hjá Snjá kóngi. Hirðmenn vara hann þó við og hvetja hann til að flýja en það vill hann ekki gera: ekki gerast argur þar sem kóngur hafi sýnt honum svo mikinn sóma. Í sögunum af hirðmönnunum og nú Rafni eru komnir söguhlutar II A og B í AT 306 II en þátturinn af hirðmönnunum er mun lengri en *Snjáskvæði*. Svo fer Rafn að segja frá því að hann hafi fylgst með kóngi ganga úr hvílu sinni þegar fimmtungur af grímu var liðinn á landi. Hann segist hafa gengið út að gá til veðurs; það var skýjað, heiðlogn og skyggni gott, og séð þá kóng ganga rösklega að vatni einu og hverfa ofan í það – „eins og lóð í lognsjó datt“, segir þar. Rafn vildi vita hvert konungur hefði farið, brá yfir sig dýrsfeldi og kafaði í „karfa lá“, fannst sem hann dytti í mjúka sæng og væri sofandi, væri kominn í hlýjan heim og fagran. Dró hann þá af höfði sér dýrshúðina og sá nú skýrt fagurgræna grund með sléttum götum og er dagur bjartur:

⁹² Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 3–11.

⁹³ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 11–18.

Glansa blómin gleður sjón
giltar rósir bliku
sól uppljómar fagurt frón
fuglahljómar söngva tóm.

Alblómgaða akra sá
aldin trje og skóga
trausta staði turna há
týrs um glaða beðju þá.⁹⁴

Enn fremur sá hann „hjarðir, listigarða og geislan fjaðra“. Fólki fagnar Snjá, eða konu Hálfðans konungs, hún gengur til hallar og sögumaður vor horfir í gegnum glugga í svefnherbergi þar sem hann heilsar henni. Þarna er drengur sem vill leika með fingurgull hennar en hún virðist ekki taka eftir honum og þarna er þrætt um dauðan kálf. Svo heldur hún heimleiðis. Þarna koma fram þættir III C og G í AT 306 II.⁹⁵

Fjórða ríma hefst á nokkrum erindum þar sem skáldkonan barmar sér undan því hve lélegt skáld hún sé og vanti pappír. Svo heldur sagan áfram, í samræmi við efnispátt IV A. Rafn vafði dýraskinninu um höfuð sér og dró sig upp úr vatninu á línu. Þegar Snjár konungur heyrir þessa sögu kastar hann frá sér sverðinu og tekur niður höfuðbúnaðinn og kemur þá í ljós ljóshærð og fríð kona. Rafn spyr hví hún hafi haft þennan sið og hún segir sögu sína: Skarphéðinn hét höfðingi, átti konu og eðalsteina. Þau áttu soninn Sæloga og hann dótturina Þorgerði, hana sjálfa, með konu sinni Herborgu. Hann gifti hana Hálfðani sem unni henni. Svo dó móðir hennar, faðirinn giftist aftur illri konu sem vildi ná fundi hennar en hún fór ekki, þar til faðir hennar bað hana um að koma. Flárátt flagðið fór strax að tala illa um hana af því hún öfundaði hana. Morgun einn er Þorgerður gekk út að greiða sér kom þar gríðurin, reif í hárið á henni og lagði á hana álög: Harmar muni nú leggjast á hana, og innan þriggja daga muni allir snúast gegn henni. Hún fái níu ára frest, en eftir það verði hún að úlfi vondum. Hún skuli hýsa karl á hverjum vetri sem eigi svo að segja henni hver hún sé og hvaðan hún komi. Hún eigi að bera karlmannsbúning. Þetta verði þegnum hennar þungbært því hún muni drepa vetrarmanninn ef hann viti ekki svarið. Hún geti ekki sagt föður sínum þetta, en hún fer og segir manni sínum. Hann verður sorgmæddur og

⁹⁴ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 27.

⁹⁵ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 18–34.

hún líka yfir að þurfa að yfirgefa allt. Svo huldi hún sig Hnikarsvoðum, tók upp brand og setti upp hjálm.⁹⁶

Fimmta ríma hefst á átta mansöngsvísum sem fjalla um erfiðleika við að yrkja. Sagan heldur áfram og nú svarar konan Rafni og þakkar honum fyrir að hafa forvitnast um hagi hennar og forðað henni frá því að breytast í úlf. Hún gaf honum þegna, skip, konungsnafn, vit betra viti annarra og setti kórónu á höfuð hans og þetta samsvarar efnispætti IV B . Þá kemur þáttur IV C, hún gaf þegnum gjafir, kvaddi og fór til manns síns og sonar. Endirinn er eins og í AT 306 II 1, lið IV V: Eftir dauða Hálfðans fór konan til hins rjóða Rafns sem hún unni.⁹⁷ Eins og sjá má eru hér öll efnisatriði AT 306 II 2, með viðbótunum frá AT 306 II 1, upphafs og endaköflum eins og eru í *Sögunni af Oddi kóngi*.

Í síðustu tveimur erindunum mærir Guðrún Jónsdóttir Ebenezer Þorsteinsson en hann var sýslumaður í Ísafjarðarsýslu. Hún segir að hann sé m.a. *eðla vís, tignar frægur vitur, dáða nægur og klifja grana hlinur*. Vísurnar eru eftirfarandi:

Ebenezer eðla vís
Öðlings dana vinur
þennan lesi kveðling kýs
klifja grana hlinur.

Þorsteins arfa talin tel
tignar frægur vitur
hjarðar-djarfur-dalinn vel
dáða nægur situr.⁹⁸

Líklegt er að Guðrún Jónsdóttir hafi ort *Rímur af Snjá konungi* fyrir Ebenezer en hann bjó í Ytri-Hjarðardal sem er í nágrenni við Stapadal.⁹⁹ Eins og áður segir hafa rímurnar einnig verið eignaðar Þorsteini Jónssyni en í þessari vísu úr upphafi þriðju rímu er það kona, *lín eik*, sem finnst skjal sitt ljótt og skáldskapur sinn heimskutal svo líklegt er að Guðrún sé höfundurinn:

⁹⁶ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 34–44.

⁹⁷ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 44–50.

⁹⁸ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 49–50.

⁹⁹ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal*, I, bls. 56–57.

Ljótt er skjalið lín eikar
lítt sínandi mönnum,
oft er galið fjalars far,
fánýtt talið heimskunar.¹⁰⁰

Málfarið á rímunum er frekar auðskilið. Það einkennist af myndrænum lýsingum á umhverfi eins og sjá má í vísunum um fegurð álfheima, þar sem getið er um glansandi blóm og gylltar rósir. Persónum er lýst á dramatískan hátt eins og sjá má í lýsingu af því þegar kóngur sneið höfuðið af Tyrfingi svo blóðið fossaði undir borð og á sjö daga einangrun hans eftir að hann hjó höfuð af Tómasi. Sumt er líka launfyndið, t.d. frásögnin af meetingi hirðmannanna Stefnis og Tómasar þegar annar þeirra, „skegglaus miðlungsmaður“ og „píka hálf“ skorar á hinn, tungulípran náunga, sem missir höfuðið vegna yfirdrifinnar lýsingar á mannkostum kóns. Hér er því einnig skens um karlmennsku og ergi eða kynusla eins og í *Snjáskvæði*.

Nokkrar kenningar eru skemmtilegar og þjóðlegar: *upsa bekkur og karfa lá* eru kenningar um sjóinn, í dúr við þær sem sjá má hjá Steinunni Finnsdóttur; *eins og lóð í lognsjó datt* segir um konung þegar hann stakk sér í sjóinn og *eptir línu upp mig dró* um það þegar Rafn kom sér upp úr sjónum á heimleið úr álfheimi. Guðrún notar sem myndmál fleytur með dverganöfnum, líkt og mörg önnur rímnaskáld, s.s. *Hleiðólfs fleita* og *Fjalars far*, og notar hún slíkar kenningar yfir skáldskap eins og Steinunn, en ekki þó af sömu fimi.

Hjá Guðrúnu eru nöfn sem ekki eru annars staðar í þeim verkum sem hér eru til umfjöllunar. Föðurafi álfadrottningar er Skarphéðinn, Herborg er móðir hennar, Þorgerður heitir álfadrottning og sá sem Snjár fellir heitir Geirmundur. Eins virðist vera tenging milli vísu hjá Steinunni og upptalningar Guðrúnar á nöfnum vetrarmanna. Í *Snækóns rímum* Steinunnar segir:

Raddar tein vill ræmin þjá
að ræða um dauða granna;
Golnirs hlýtur góma lá
að geta fleiri manna.¹⁰¹

¹⁰⁰ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 19.

¹⁰¹ Steinunn Finnsdóttir, „Snækóns rímur“, bls. 75.

Í lauslegri samantekt: Ég verð rám af því að ræða um dauða hirðmenn; það hlýtur að mega skálda eitthvað um þá sem ekki hafa verið ræddir. Í rímum Guðrúnar eru svo nöfn hirðmanna talin upp, úr ýmsum áttum: *Tyrfingur, Tómas, Stefnir, Brandur, Tófi, Brettingur, Úlfur, Grímur, Einar sterki* – og virðist sem Guðrún skálda láti hér einmitt gamminn geysa.¹⁰²

Annar blær er yfir rímum Guðrúnar en Steinunnar, mikill munur er á málfari og stíl rímnanna og íhuganir um stærri mál eru ekki áberandi. Efnið í rímum Guðrúnar er mjög líkt efninu í rímum Steinunnar og líklegt er að Guðrún hafi a.m.k. haft rímur Steinunnar til hliðsjónar þegar hún orti sínar, hafi hún ekki ort eftir þeim. Mögulega er Guðrún að vísa til lúins handrits með rímum Steinunnar þar sem segir í *Rímum af Snjá konungi*:

Tygnar kvendi rjóðum Rafn
rett af hjarta unni
þanninn bendir ljóða safn
lítt þó skarta kunni.¹⁰³

Eins og áður kom fram er líklegt að Steinunn hafi samið upphafs- og endakaflana í sínum rímum og sennilegt að Guðrún hafi tekið þá upp eftir henni. Þá er ekki að finna í neinu þeirra handrita sem rædd voru hér að framan í tengslum við útgáfu Ólafs Davíðssonar á *Snjáskvæði*. Ekki er útilokað að þeir hafi verið í einhverri munnlegri geymd efnisins eða einhverju öðru óþekktu handriti sem Steinunn fór eftir en um það er ekkert í hendi. Tilgáta Shaun Hughes um að Steinunn hafi samið endinn er sannfærandi og því skyldi hún ekki líka geta hafa samið upphafið? Það er vel mögulegt er að Steinunn hafi heyrt eða séð upphafs- og endakaflana í *Sögunni af Oddi kóngi* eða áþekkri sögu, en eins líklegt er að *Sagan af Oddi kóngi* spretti af rímunni eða öðrum líkum sögum.

Þessir upphafs- og endakaflar eru ekki í rímum Gísla Sigurðssonar. Nöfn eru einnig með öðrum hætti, aðeins karlar bera eiginnöfn, og álögin sem lögð eru á álfkonuna eru öðruvísi en í rímum kvennanna. En efnið er hið sama þótt skyldleikinn við rímur Steinunnar og Guðrúnar sé minni. Efnisþættir allra rímnanna eru í stórum dráttum þeir sömu og í *Snjáskvæði*.

¹⁰² Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls. 594–5.

¹⁰³ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609, bls. 49.

9. Þjóðsögur af ævintýragerð AT 306

Söfnun þjóðfræðaefnis gekk ekki sérlega vel hjá þeim Jóni Árnasyni og Magnúsi Grímssyni (1825–1860) þegar þeir reyndu að viðka að sér efni til útgáfu. Það breyttist ekki fyrr en Dr. Konrad Maurer fór um Ísland árið 1858 og ávann sér það traust að margir fengust til að láta skrá eftir sér eða lána handrit til afritunar.¹⁰⁴ Þá fór þeim félögum að berast miklu meira efni. Magnús Grímsson lést árið 1860 og það kom í hlut Jóns Árnasonar að ljúka við söfnunina og ganga frá verkinu. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* kom svo út árin 1862 og 1864. Verkið var gefið út aftur á árunum 1954–1961 í ritstjórn Árna Böðvarssonar og Bjarna Vilhjálmssonar og vísað er til þeirrar útgáfu hér. Sögurnar þrjár sem hér verða hvað mest til umræðu eru í fyrsta bindi, *Una álfkona*, tekin upp eftir handriti Magnúsar Grímssonar en skráð eftir sögn gamallar konu í Rangárvallasýslu, *Úlfhildur álfkona*, tekin upp eftir handriti Þorvarðar Ólafssonar (1829–1872) og *Snotra* eftir Jón bónda Sigurðsson (1802–1883) í Njarðvík í Múlasýslu.

Jón Árnason lofar þessa handritaskrifara fyrir það hve vel þeir orði alþýðusögur, „í daglegu máli, fjörugt og líflega eins og bezt á við, en þó án allrar viðhafnar í ritshætti, orðatiltækjum og setningaskipun“.¹⁰⁵ Þarna kemur Jón inn á vandann sem mætti þeim útgefendunum þegar kom að því að móta viðmið um stíl þjóðfræðaefnisins. Þó að þeir hafi upphaflega ætlað að hafa sögurnar sem næst því sem þær komu frá sagnafólkinu varð ljóst eftir því sem efnið barst þeim í hendur að ekki yrði hjá því komist að víkja mörgu við, m.a. til að gefa verkinu heildarsvip.¹⁰⁶ Talsverður munur er á stíl sagnanna, í *Unu álfkonu* eru lýsingar hafðar í hófi en *Snotra* og sérstaklega *Úlfhildur álfkona* eru ítarlegri og myndrænni frásagnir.

Álfasögurnar þrjár heyra undir AT 306 III og í afbrigðinu eru þrjár megin efnisþættir.¹⁰⁷ Fyrsti þátturinn er á þann veg að kona ræðst í vist hjá bónda, fer ekki til kirkju með öðru fólki á jólum og svo gengur það þar til vinnumaður einn ákveður að fylgjast með ferðum hennar á jólanótt. Annar þátturinn er ferð þeirra til undirheima þar sem í ljós kemur hvernar ættar vinnukonan er og í þriðja þættinum er komið upp um eðli vinnukonunnar og

¹⁰⁴ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, II, bls. xxxv.

¹⁰⁵ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls. xxi.

¹⁰⁶ Sjá Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, bls. 511–520.

¹⁰⁷ Sjá Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 10–11.

vinnumaðurinn fær sín laun fyrir það. Sögunum svipar saman en þó má segja að *Una álfkona* sé af öðru tagi en hinar tvær og spegli talsverða andstöðu við álfatrú.

Einar Ólafur skráir frásagnarliðina í þáttum þessara þjóðsagna. Röðin fyrir *Snotru* er þessi: I BEH - II CFH - III A (II H) CE, fyrir *Úlfhildi álfkonu*: I A1CDJ - II DFG1J - III ABCD3E og fyrir *Unu álfkonu* þessi: I ACJ - II CF1G3J - III ABCE.¹⁰⁸

Ef efnisþáttur I er skoðaður í sögunum sést að hann er mjög líkur í *Unu álfkonu* og *Úlfhildi álfkonu*; báðar hafa þær frásagnarliðina ACJ, en röðin er BEH í *Snotru*. Í *Unu álfkonu* og *Úlfhildi álfkonu* kemur óþekkt kona á bóndabæ, vinnur sig í álit með dugnaði við heyrakstur og verður vinnukona þar (A), hún fer ekki til kirkju á jólum (C) og það vekur undrun eða gremju húsbændanna; í *Úlfhildi álfkonu* virðist vinnukonan þó yfirgefa bæinn á jólanóttina (D) á meðan vinnumaður einn ákveður að fylgjast með ferðum hennar (J). Í *Snotru* hljómar þáttur I þannig að óþekkt kona kemur að bóndabæ og nær þar búsyfurráðum (B), ræður til sín vinnumenn gegn því að þeir segi henni hvar hún sé yfir jólin og að líf þeirra liggja við (E); þeir hverfa, uns einn kemur sem segist skuli gera allt hvað hann geti (H). *Snotra* er eina sagan af þessum þremur sem minnir á *hirðmennina sem hverfa/deyja*, eftir því sem frá segir í *Snjáskvæði* og rímunum þremur. Eins er það um konuna hér, aðeins hún líkist Snjá kóngi í *Snjáskvæði* að því leyti að hún ræður til sín vinnumenn, upp á líf eða dauða.

II. þáttur er líkur í öllum sögunum, en með því að setja saman bókstafi frásagnarliða þjóðsagnanna þriggja má segja að efnisröðin sé C/DFG/HJ. Í öllum sögunum fara konurnar með hjálp töfragripa niður um eða yfir vatn til undirheima á jólanótt og vinnumaður laumast með þeim (C og D). Þær hitta þar eiginmenn sína kóngana (F), nema Una sem hittir þar álfana ættingja sína (F1), vinnumaður nælir sér í sönnunargagn sem sannar að hann hafi verið í álfheimum, kjötrif í *Unu álfkonu* (G3), gullhring í *Úlfhildi álfkonu* (G1) og vísu um dauðan kálf í *Snotru* (H), og síðan er farið á sama hátt til baka til mannheima (J). Una fer til reisulegs bóndabæjar á grænum völlum en ekki til glampanði hallar eins og *Snotra* og *Úlfhildur* en þær fara báðar til álfheima sem eru í meginatriðum eins og í *Snjáskvæði*. Í *Snjáskvæði* eru bæði ambáttir sem deila um dauðan kálf og gullhringur sem barnið leikur sér að en þar eru engir töfragripir sem hjálpa konungi og hirðmanni í gegnum vatnið til undirheima. Mesti munurinn er þó kannski sá að í

¹⁰⁸ Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 11–12.

Snjáskvæði er það karlmaður sem fer til álfheima og reynist þar vera kvenkyns á meðan vinnukonurnar í þjóðsögnum eru líka kvenkyns í álfheimum. Kyngervisskiptin í *Snjáskvæði* og rímunum verða vegna áлага vondu stjúpunnar og greinilegt er að stjúpu- og álagaminnið er mun virkara í þeim en í þjóðsögnum þar sem það er nánast aukaminni.

Í III. þættinum skráir Einar Ólafur röð frásagnarliðanna í *Úlfhildi álfkonu* ABCD3E, A(II H)CE í *Snotru* og ABCE í *Unu álfkonu*. Hér segir frá því að á jóladag segir vinnumaður hvers hann varð vísari um nóttina (A) og sannar mál sitt með sönnunargagninu/vitneskju sem hann aflaði sér í álfheimi (B /II H). Þar með leysir hann konuna úr álögum (C) og hún launar honum vel og fer síðan til síns heima (E). Í *Unu álfkonu* eru stjúpa og álög ekki nefnd en svo virðist sem Einar Ólafur gangi út frá því að þessi atriði séu á einhvern hátt til staðar því hann hefur C- og E-lið í skráningunni fyrir þriðja þátt sögunnar, III ABCE. Eflaust er það rétt en sögulokin má þó skoða á aðeins annan veg. Þar segir:

Kemur þá bóndi frá kirkjunni og finnur hann og spyr hvernig honum líði. Vinnumaður segir að sér sé að mestu batnað. Gengur hann þá heim með bónda. Fagnar Una þeim vel og er nú sezt að borðum. Var þar fram borið hangið kjöt eins og siður er til í sveitinni. Tekur þá bóndi sauðarsíðu mikla og segir: „Hefur nokkur yðar séð jafnmikla síðu sem þessa?“ „Vera má að svo sé,“ segir vinnumaðurinn og tekur fram síðu þá er hann hafði náð um nóttina. Þegar Una sá það skipti hún litum og hvarf þegjandi á burt og hefur ei sézt síðan.¹⁰⁹

Orðalagið „skipti litum“ getur merkt hér að yfirbragð *Unu* hafi breyst eins og fallið hafi af henni álög en einnig að henni hafi orðið mikið við og hún annað hvort roðnað eða fölnað og það er annar svipur yfir *Unu* en „systur“ hennar *Snotru* og *Úlfhildi*. Hún er afhjúpuð fyrir allra augum og virðist komast í uppnám, gefur engar skýringar á sjálfri sér og hverfur, og er ekki saknað að því er virðist. Hér eru engin ápreifanleg laun handa vinnumanni fyrir uppljóstrunina nema þau að hann styrkir sig í sessi meðal heimilisfólks þegar hann snýr góðu orðspori *Unu* skyndilega við, upplýsir um það að hún fari ekki til kirkju á jólum vegna þess að þá fari hún í skemmtilega og ríkmannlega jólaveislu hjá álfunum, enda sé hún álfkona. Mögulega er það einn af þráðum sögunnar að minna áheyrendur hennar á að það eigi ekki að taka át- og gleðiveislur fram yfir jólamessuna, og sagan sé því eins konar áminning um kristilega hegðun á jólum. Jafnframt er okkur sagt að það beri að vara sig á

¹⁰⁹ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls.102.

álfunum sem kunni að líkjast mönnunum og vekja aðdáun en taki skemmtun fram yfir kristilega trúrækni. Þarna gætir hugsanlega neikvæðra viðhorfa kirkjunnar á fyrri tíð til hinnar fornu trúar þjóðarinnar á álfa og áhuga hennar á þjóðlegum fróðleik, en þau viðhorf voru sterk á 17. öld og síðar.¹¹⁰

Það á við um Úlfhildi eins og Unu að hún fer ekki til kirkju með öðru heimilisfólki á jólanótt og það spillir álitum sveitunganna á heimilisbragnum. Hins vegar fer hún til kirkju í álfheimum á jólanótt og það staðfestir vinnumaðurinn á jóladag þegar hann segir frá ferð sinni. Kirkjusókn eða ekki kirkjusókn er því ekki aðalatriðið í sögu Úlfhildar heldur hitt að hún er álfadrottning í álögum og vinnumaðurinn leysir hana úr þeim. Í sögulok segir:

Nú verður Úlfhildur glöð mjög og segir frá hvernig á standi fyrir sér. Hún kveðst vera kóngsdrottning úr álfheimum, segist hún hafa yrzt við kerlingu, en hún hafi lagt það á sig að hún skyldi alltaf mega að vera hjá mönnum (eða í mannheimum) þaðan í frá nema því aðeins að mennskur maður kæmist með henni til álfheima á jólanótt, þeirri fyrstu, annarri eða þriðju eftir það á hana var lagt. Það eina leyfði kerlingin að hún skyldi mega finna mann sinn í þrjár jólanætur. En Úlfhildur kvaðst aftur hafa lagt það á kerlingu að hún skyldi deyja ef hún kæmist úr álögum. Úlfhildur mælti við vinnumanninn: „Það mæli ég um að þú verðir hinn mesti gæfumaður héðan í frá, og á morgun skaltu ganga ofan að vatninu; muntu þá finna sjóði tvo; skaltu eiga þann minni en húsbændur þínir þann stærri.“ Síðan bjóst Úlfhildur til ferðar og kvaddi alla vinsamlegum orðum. Hún flýtti sér og hélt ofan að vatninu, og hvarf svo enginn hefur séð hana síðan, en allt heimilisfólkið saknaði hennar ... Er sagt að vinnumaður yrði frá þessum tíma gæfumaður alla ævi og endar svo saga þessi.¹¹¹

Þarna glittir í stjúpum, hún er reyndar nefnd kerling, og hér koma fyrir gagnálög sem álfkonan leggur á kerlinguna en það er þekktur frásagnarliður í stjúpuminninu.¹¹² Álagaminninu fylgir síðan að álfadrottningin er leyst úr álögum og þar með kemst hún til ríkis síns, eiginmanns og barns. Og vinnumanninum er launað vel fyrir, minni sjóðurinn sem hann fékk reyndist vera silfur og sá stærri sem húsbændur hans fengu gull. Það er aðeins í þessari sögu sem Einar Ólafur skráir frásagnarliðinn um vonda kerlingu/stjúpum, lið III D3.

¹¹⁰ Guðbrandur Vigfússon, „Formáli“ í *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, II, bls. xviii–xix.

¹¹¹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls. 104–105.

¹¹² Sjá Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. xxx–xxxii; Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Stjúpur í vondu skapi“, bls. 27.

Álagaminnið er einnig í *Snotru*, með sínu lagi, en þar segir Snotra við vinnumanninn í sögulok:

„Hafðu þökk fyrir,“ kvað Snotra „en nú hefir þú leyst mig úr álögum; eg var hrakin frá manni mínum og lagt á mig að ég skyldi aldrei hjá honum geta verið utan um hvör jól nema einhvör myndist sá sem gæti sagt mér hvar ég dveldi á jólum. Þú einn varðst til þessa; fyrir það gef ég þér þú mitt allt og bújörð, og muntu gæfumaður verða.“ Eftir þetta hvarf Snotra og sást ekki síðan.¹¹³

Snotra er drottning í álögum en ekki kemur fram hver lagði þau á hana og Einar Ólafur skráir stjúpuna ekki sem lið í sögunni (III ABCE) þótt sjá megi glitta í hana í bakgrunni. Í *Snotru* og *Úlfhildi álfkonu* eru mörg augljós líkindi við *Snjáskvæði*, ferð til álfheima, kóngur og kóngsríki, vond kerling, álög og hetja sem afléttir þeim og fær sín verkalaun. Í söguheimi *Unu álfkonu* er ferð til álfheima þar sem er mikill og reisulegur bær og feitt hangikjöt á borðum, húsbóndahollur vinnumaður og vinnukona sem leikur tveimur skjöldum og er rekin af bæ þegar upp kemst um ókristilega hegðun, allt eins og spröttið upp úr íslensku mannlífi fyrr á tíð, mannlífi þar sem reynt var að hemja skemmtanagleði fólks sem var einmitt mikil á jólum, en gat raskað viðkvæmu jafnvægi sem kirkjan reyndi að viðhalda með boðum, bönnum og valdi. Í *Unu álfkonu* má sjá þennan anda speglast beint en í raun bera allar sögurnar merki þeirrar bælingar og siðavendni sem kirkjuyfirvöld stóðu fyrir öldum saman.

Um efni þessu tengt ritar Aðalheiður Guðmundsdóttir í grein frá árinu 2006, „How Icelandic Legends Reflect the Prohibition on Dancing.“ Þar kemur fram að á 18. öld hafi dans verið bannaður á Íslandi og lagst af að mestu eða alveg og að hér á landi hafi í þessum efnum verið gengið lengra en á öðrum Norðurlöndum. Eftir að dans var horfinn úr þjóðlífinu hafi hann þó varðveist í undirvitund þjóðarinnar, í álfa- og huldufólkssögum um jóla- og nýársgleðir álfa. Í þeim er lýst álfagleði þar sem er hljóðfærasláttur og dans, falleg föt, veisluföng og vín en þetta voru sjaldséð gæði hjá fátækri og kúgaðri þjóð. Aðalheiður telur freistandi að álykta sem svo að mikill fjöldi sagna um jóla- og nýársgleðir álfa vitni um þrá alþýðufólks til að varðveita minningar um gleðilegar upplifanir á tímum þar sem siðgæðiskröfur yfirvalda bönnuðu allt slíkt.¹¹⁴

¹¹³ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls. 111.

¹¹⁴ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „How Icelandic Legends Reflect the Prohibition on Dancing“, bls. 43.

Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að í *Snotru* og *Úlfhildi álfkonu* er fleira líkt með *Snjáskvæði* en í *Unu álfkonu*. Stjúpu- og álagaminnið kemur fyrir í einhverri mynd í *Snotru* og *Úlfhildi álfkonu*, en er líklega óyrt í *Unu álfkonu*, og hetjan sem afléttir álögnum eignast jörð og auðæfi, eins og Hrafn í *Snjáskvæði* sem tekur við ríki Háleygja. Einnig bregður fyrir í *Snotru hirðmönnum sem hverfa* (vinnumönnum). Í þjóðsögunum er þó ekki leikið með kynferði aðalpersónunar eins og gert er í *Snjáskvæði* og þær eiga mjög margt annað sameiginlegt sem ekki er í sagnakvæðinu. Í þjóðsögunum er sögusviðið íslensk sveit, nafngreindir staðir í þeim í öllum og í sögunni um Unu er bóndi nafngreindur en hann heitir Geir, eins og í *Snjáskvæði*. Þessir bændur hafa misst konu sína eða vantar liðsauka og fá til sín duglega vinnukonu. Lífshættirnir eru líkir því sem þjóðin bjó við, heyskapur, skógerð, kirkjuferð á jólum en á þær orrustur sem nefndar eru í *Snjáskvæði* er ekki minnst hér. Og í þjóðsögunum eru töfragripir: silkislæður, rauður feldur og glófar sem kalla fram brú milli mannheima og álfheima. Sögurnar gerast um jól og lýsa jólagleði hjá álfum og eru kannski allar með einhverjum hætti áminning um kristilega hegðun á jólum, en mismikið. Í *Snjáskvæði* falla álögin af söguhetjunni á sumardaginn fyrsta og þannig tengist kvæðið annarri árstíð og annarri þjóðtrú, vorblótum sem rekja má langt aftur t.d. með norrænum og austur-evrópskum þjóðum.

Á lista Bo Almqvists yfir sögur af ævintýragerð AT 306 í *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar eru 12 sögur, en engin þeirra er með efni um Snjá/Snæ konung.¹¹⁵ Í Sagnagrunni á *Ísmús* eru 19 ritaðar sögur af gerð AT 306, en af þeim eru 11 þær sömu og á lista Almqvists, og þar er engin saga með efni um Snjá/Snæ og heldur ekki í þeim þremur sögum sem eru í hljóðritagrunninum á *Ísmús*.¹¹⁶ Efnið um Snæ er því ekki auðfundið innan íslenskra þjóðsagna.

¹¹⁵ Almqvist, „Gerðir ævintýra“, í *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, VI, bls. 317; listi byggður á lista Almqvists í Viðauka 1.

¹¹⁶ Sjá „Sagnagrunnur“ á *Ísmús*, <https://ismus.is/tjodfraedi/sagnir/?sagnagerd=306&sida=1>

10. Vísur um dauðan kálf í fimm verkum af gerð AT 306

Í flestum verkunum er þáttur í álfheimaförinni þar sem dauður kálfur kemur við sögu. Þegar álfadrottning er í höllinni ryðjast reiðar ambáttir inn á gólf og kenna hvor annarri um dauða kálfs sem þær áttu að gæta. Vetrarmaður Snjás/Snæs er í fylgsni sínu og heyrir allt og sér. Álfkonan, sem stendur hjá barni sínu og eiginmanni, segir þá að það sé lítill skaði að missa einn kálf hjá því að tapa öllum auði sínum, lífi sínu og yndi en hún óttast að hennar bíði brátt þau hörmulegu örlög. Ef vetrarmanninum takist ekki að svara því að vori hver Snjár/Snær kóngur sé muni álögunum aldrei verða aflétt og hún muni ekki fá að snúa aftur til álfheima.

Í þessu atviki þar sem er borinn saman lítill skaði og stór speglast í raun öll sagan, vonda stjúpán og álögin, herkonungsævi Snjás/Snæs, depurð hans og sú árátta að leggja gátuna um eðli sitt fyrir vetrarmenn, hvern á fætur öðrum. Og lesandinn sér og skilur hina blíðu og göfugu álfkonu sem fer til álfheima í skjóli nætur, í gervi Snjás/Snæs konungs. Þannig stækkar þetta litla atvik söguna og gerir hana tilfinningaríkari.

Vísunum um dauða kálfinn svipar saman og með samanburði má fá hugmynd um hvaða tengsl geti verið milli kvæðanna.

Tafla 3. Vísur um dauðan kálf

<i>Snjáskvæði</i>		
26. <i>Deildu tiggja tvær ambáttir, drósir ungar um dauðan kálf, sögðu hryggri Hildigerði: „Nú er barn bola í björg horfið“.</i>	27. <i>„Hálfu eigu vær harma stærri en þó úngneytis eins vér söknum ef ég missi alla eigu mína, alls andvana og unað bæði“.</i> ¹¹⁷	Í vísunni um dauðan kálf er <i>d</i> ljóðstafur. Kálfurinn hrapaði fyrir björg. Um kálfinn eru höfð orðin <i>barn bola</i> . Í vísunni um tap kálfsins segir drottning: „Hálfu eigu vær harma stærri...“, þ.e. hún óttast miklu stærra tap, að missa alla eigu sína og yndi.

¹¹⁷ „Snjáskvæði“, í *Þulur og Þjóðkvæði*, bls. 33.

<i>Snækóns rímur</i>	
<p>31. Af sjálfs völdum <i>uxinn</i> steyptist ofan af björgum, í þeim höldum allur gleypist upp að vörgum.</p> <p>35. Þessu nærri þorngrund tær, er þrautir hryggja: „Hálfu stærri harmar mér á höndum liggja.</p> <p>36. „Meir ei hlífir,“ mens kvað lindin „mein að kreppa, skuli ég lífi, auð og yndi eiga að sleppa.“¹¹⁸</p>	<p>Í vísunni um dauðan <i>uxa</i> eru ljóðstafirnir sérhljóðar.</p> <p>Kálfurinn hrapaði fyrir björg.</p> <p>Um kálfinn er haft orðið <i>uxi</i>.</p> <p>Í vísunum um tap kálfsins segir drottning: „Hálfu stærri harmar mér á höndum liggja“ – en það er að skilja við líf sitt, auð og yndi.</p>

<i>Rímur af Snjá konungi</i>	
<p>61. <i>Deila</i> gjörðu <i>drósir</i> tvær um <i>dauðan bola niðja</i>¹¹⁹</p>	<p>Í vísu um dauðan <i>bola niðja</i> er <i>d</i> ljóðstafur, eins og í <i>Snjáskvæði</i>.</p> <p><i>Bola niðji</i> minnir á <i>barn bola</i> í <i>Snjáskvæði</i>.</p>

<i>Rímur af Snæ kóngi</i>	
<p><i>Dyrgjur</i> riðja <i>dökkar</i> sér, <i>drottningar</i> að sæti, önnur bryðjan bolgin tjér: <i>baulu niðjan</i> mystum vjer.</p> <p>Bröttum deiði björgum í, burtu horfin okkur,¹²⁰</p>	<p>Í vísu um dauðan <i>baulu niðja</i> er <i>d</i> ljóðstafur eins og í <i>Snjáskvæði</i>.</p> <p><i>Baulu niðji</i> hrapaði fyrir björg.</p> <p><i>Baulu niðji</i> minnir á <i>barn bola</i> í <i>Snjáskvæði</i> og <i>bola niðja</i> í <i>Rímum af Snjá kóngi</i>.</p>

¹¹⁸ Steinunn Finnsdóttir, „Snækóns rímur“, bls. 90–91.

¹¹⁹ Guðrún Jónsdóttir, Lbs. 3609 8vo, bls. 31.

¹²⁰ Gísli Sigurðsson, Lbs. 4875 8vo, bls. 97.

<i>Snotra</i>	
deildu tvær um dauðan kálf, drottning mín, það veiztu sjálf; ógurlegt var orðagjálfur. yfrið reiður varð kóngurinn sjálfur. ¹²¹	Í vísu um deilur vegna dauðs kálfs er <i>d</i> ljóðstafur og stuðlað á sömu orðum og í <i>Snjáskvæði</i> .

Eins og sjá má líkjast allar vísurnar *Snjáskvæði*, einnig þær úr *Snækóngs rímum* þótt Steinunn Finnsdóttir móti efnið á sinn hátt. Bent hefur verið á að vísan í *Snotru* um dauða kálfinn gæti verið komin úr öðru verki, t.d. ævintýri eða rímum.¹²² Sú kenning er í samræmi við það að sagnaefni barst löngum áfram í ýmiskonar formum. En þess má geta að finna má önnur dæmi um bein líkindi í *Snotru* við *Snjáskvæði*, t.d. nafnið á sögunni sem gæti verið úr vísu í *Snjáskvæði* en þar segir um Snjá konung: „þó var Snjár konungur snotur að mörgu.“¹²³ Af þjóðsögunum virðist *Snotra* einna líkust *Snjáskvæði* og hún gæti vel verið komin frá kvæðinu

Atriðið um dauða kálfinn og drósir sem deila er hvorki í *Unu álfkonu* né *Úlfhildi álfkonu*. Þessar sögur hafa minni augljós tengsl við *Snjáskvæði*. Þær hafa minnið um *ferð til álfheima* en *stjúpuminnið* og tilbrigðið *vetrarmaður sem hverfur* eru breytt eða vantar. En efnið um Snæ konung er ekki að finna í neinni þjóðsagnanna þriggja.

¹²¹ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, bls. 111.

¹²² Bjarni Vilhjálmsson, „Inngangur“, bls. xx.

¹²³ „Snjáskvæði“, í *Þulur og þjóðkvæði*, bls. 30.

11. Samantekt

Hér að framan hefur efniviður verka sem falla undir ævintýragerð AT/ATU 306 verið skoðaður. *Snækóns rímur* og *Rímur af Snjá konungi* má fella undir AT 306 II 1 ef horft er til upphafs- og endakafla sem verkin eiga sameiginlega með því tilbrigði en Einar Ólafur Sveinsson hefði líklega talið verkin til AT 306 II 2, afbrigðis *Snjáskvæðis*. *Rímur af Snækóni* falla að gerðinni AT 306 II 2 og þjóðsögurnar að AT 306 III. Öll verkin hafa sömu efnisþættina en sagnaefnið um Snjá/Snæk konung er þó aðeins að finna í *Snjáskvæði* og rímunum þremur. *Stjúpu-* og *álagaminnið* og *hirðmenn sem hverfa* eru aðalminni í sagnakvæðinu og rímunum og persónur þeirra dregnar skýrum og sterkum dráttum en í þjóðsögunum eru þessi minni aukaminni eða jafnvel horfin. Í öllum verkunum er *minni um álfheima í vatni*.

Rímurnar eru yngri en *Snjáskvæði* og tengsl þeirra við kvæðið ekki alltaf á sama veg. Einar Ólafur Sveinsson segir *Snækóns rímur* samdar eftir *Snjáskvæði* og á því er varla nokkur vafi.¹²⁴ Í *Snækóns rímum* eru upphafs- og endakaflar sem líkjast upphafi og endi á *Sögunni af Oddi kóni*. Hugsanlegt er að til hafi verið ævintýri með þessum köflum sem hafi haft áhrif á gerð rímunnar en vel mögulegt er að *Sagan af Oddi kóni* hafi orðið til út frá *Snækóns rímum*. Það má hafa í huga að hún er galdrasaga og galdrar urðu mikið samfélagslegt viðfangsefni á 17. og 18. öld og hún getur því verið frá þeim tíma. *Snækóns rímur* eru hins vegar ortar fyrir árið 1700. *Rímur af Snjá konungi* hafa einnig þessa upphafs- og endakafla og fleiri rekjanleg tengsl við *Snækóns rímur* og líklega hafði höfundur þeirra hliðsjón af þeim þegar hann orti sínar rímur. Áhugavert er að elsta þekkta handrit *Snjáskvæðis*, *Kvæðabók Gissurar Sveinssonar* frá árinu 1665, var ritað á Álftamýri í Arnarfirði og höfundur *Rímna af Snjá konungi* bjó mest alla ævi í Arnarfirði og lengi í Álftamýrarprestakalli. Það er því vel mögulegt að löngu síðar, á 19.öld, hafi höfundurinn einnig haft sagnakvæðið í einhverri mynd undir höndum.

Snækóns rímur bera greinileg merki um fornmenntaáhuga en hann óx mikið á 17. öld þegar þær voru ritaðar. Þetta má sjá t.d. á því að höfundur notar edduheiti og kenningar og fjölbreytta rímnahætti. Einnig koma íhuganir og áminningar um siðferði

¹²⁴ Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, bls. 10.

manna víða fyrir. Ekkert slíkt er í *Rímum af Snjá konungi* en glettni bregður þar fyrir og málbeiting er víða frumleg. *Rímur af Snæ kóngi* virðast spegla samfélagsleg vandamál tengd sífjaspellum og ofbeldi.

Í þjóðsögunum ráða duglegar ráðskonur eða vinnukonur sig til bónda, Snotra, Úlfhildur og Una heita þær, og þar er nafnlaus vinnumaður. Þær annað hvort hverfa af bæ yfir jólin eða neita að fara til kirkju á jólum með öðru fólki. Svifið er niður til álfheima í gegnum sjóinn á silkislæðum í *Snotru*, gengið er á töfrabru yfir Mývatn og síðan eftir dimmum vegi á græna velli í *Úlfhildi álfkonu*, en í *Unu álfkonu* er farið á rauðum feldi niður um dý; hvorki í *Snjáskvæði* né rímum eru nokkrir töfragripir. Í undirheimum er konungur eða stórbóndi og mikið um dýrðir og vinnumaður tekur með sér sannindamerki til mannheima, söguna um dauða kálfinn, gullhring eða feitt sauðarrif. Laun vinnumannsins í *Snotru* eru jörðin Snotrunes og gæfa og gengi, tveir sjóðir, gullsjóður og silfursjóður, gæfa og gengi í *Úlfhildi álfkonu* en í *Unu álfkonu* er ekkert fémætt en einhver félagsleg upphefð þó.

Stjúpu- og álagaminnið er mjög lítt hluti þjóðsagnanna. Í *Snotru* og í *Úlfhildi álfkonu* er aðeins tæpt á kerlingu eða álögum en *Unu álfkonu* kemur minnið ekki skýrt fram. Minnið um ferð til álfheima í vatni er mikilvægt í þjóðsögunum en hefur eins og aðrir efnisþættir í AT 306 verið lagað að íslensku þjóðlífi og veruleika, enda hafa sögurnar verið flokkaðar með sögnum en ekki ævintýrum. Það má álykta að neikvæð viðhorf kirkjunnar til forns söguefnis komi fram í því hvernig sögulok *Unu álfkonu* eru en Una er afhjúpuð og hverfur á brott í flýti og enginn er sagður hafa saknað hennar. Snotra og Úlfhildur líkjast söguhetju sagnakvæðisins meira en Una og ýmis líkindi má sjá milli þeirra sagna og *Snjáskvæðis*.

Efni um Snæ konung er m.a. að finna í *Fornaldarsögum Norðurlanda*. Frásögnin þar er í ætt við lýsingu á goðmagni eða náttúruafli, því þar segir að börn Snæs séu þau Þorri, Fönn, Drífa og Mjöll og þau geta þá táknað snjóinn og anda vetursins. Snjár konungur í sagnakvæðinu gæti vel verið sóttur í fornaldarsögur og Logi/Sælogi álfheimakóngur reyndar líka en hans er getið á sama stað.¹²⁵ Fleira í kvæðinu er augljóslega sótt í fornnorrænt efni, s.s. að ævintýrið gerist hjá konungi Háleygja, auk þess sem bragarháttur kvæðisins, fornyrðislagið, er forn. Verið getur að tengja megi söguna af

¹²⁵ *Hversu Noregr bygðist*, í Rafn, *Fornaldar sögur Norðurlanda*, II, bls. 3.

Snjá konungi heiðnum helgisiðum í tengslum við komu sumars, en í því ljósi myndi það þá hafa sérstaka merkingu að álögunum er aflétt á sumardaginn fyrsta. Snjásefnið og tengingu þess við sumarkomu er hins vegar ekki að finna í þjóðsögunum þremur, heldur tengjast þær öðrum árstíma frekar, jólnum og jólagleðinni.

Til er rússnesk þjóðsaga um snjóstúlku, *Snegorotchka*. Efnið má rekja til ævintýragerðar AT 703* sem er varðveitt meðal nokkurra þjóða. Í snjóstúlkunni má sjá ákveðnar hliðstæður við dætur Snæs konungs þær Drífu, Mjöll og Fönn. Þjóðsagan segir að snjóstúlkan verði sem drottning meðal barnanna í litlu þorpi af því hún getur reist álfahallir og alls kyns furðuverk úr snjó. Um vorið verður hún veik og bráðnar loks fyrir geislum sólar þar til ekkert er eftir nema dögg á grasi og eitt tár í blómkrónu.¹²⁶ Þetta ævintýri fjallar um árstíðaskiptin og vorið sem kemur þegar hvít klæði snjóstúlkunnar leysast upp fyrir geislum sólar. Það má vel sjá Snjá konung sem hliðstæðu vetrar og leysinga, t.d. ef haft er í huga að hann kastar hermannsgervi sínu og „hverfur“ á fyrsta sumardag. En í meðförum efnisins í *Snjáskvæði* og rímunum hefur hann fengið margbrotnari merkingu. Í tvískiptu eðli Snjás konungs er snert á hugmyndum samfélags um kyn og kynbundna hegðun, frelsi til að fara út fyrir þær og hömlur gegn því. Auk þess verða ýmsir þættir í ævintýrinu uppspretta íhugana og ábendinga. Þjóðsögurnar birta viðhorf til álfatrúar, bæði jákvæð og neikvæð. Rímnaskáldin fjalla um mál sem á þeim brenna, eru gagnrýnin á samfélagið, lýsa skáldum, ekki síst stöðu skáldkvenna, og verk þeirra eru jafnvel verðmæti sem hafa áhrif á þjóðfélagsstöðu þeirra. Ekki skyldi vanmeta skemmtigildi verkanna en öll hafa þau fjölþættara gildi og mikilvægan sess í íslenskum bókmenntum.

¹²⁶ „Snegorotschka“, *Fairy-book; fairy tales of the allied nations*, bls. 1–6.

12. Heimildaskrá

Frumheimildir:

Aðalheiður Guðmundsdóttir, útg. *Strengleikar*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2006.

Dulac, Edmund. „Snegorotschka.“ Í *Fairy-book; fairy tales of the allied nations*.

G. H. Doran, 1916. Sótt 18. desember 2024,

<https://www.gutenberg.org/cache/epub/25513/pg25513-images.html>

Gísli Sigurðsson. „Rímur af Snæ kóngi.“ Óútgefið handrit, 1876. Lbs. 4875 8vo.

Guðrún Jónsdóttir. „Rímur af Snjá konungi.“ Óútgefið handrit, 1885–1888. Lbs. 3609 8vo.

Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I–VI, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1954–1961.

Rafn, Carl Christian. *Fornaldar sögur Nordrlanda*. Kaupmannahöfn, I–III, 1829–1830.

„Snjaskvæði“. Í *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, útg. Ólafur Davíðsson. Í *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, IV. Hið íslenska bókmentafélag, 1898.

Steinunn Finnsdóttir. „Hyndlu rímur.“ Í *Hyndlu rímur og Snækóns rímur eftir Steinunni Finnsdóttur*, útg. Bjarni Vilhjálmsson. Rímnafélagið, 1950.

Steinunn Finnsdóttir. „Snækóns rímur.“ Í *Hyndlu rímur og Snækóns rímur eftir Steinunni Finnsdóttur*, útg. Bjarni Vilhjálmsson. Rímnafélagið, 1950.

Aðrar heimildir

Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Stjúpur í vondu skapi.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (1995): 25–36.

Aðalheiður Guðmundsdóttir. „(Ó)Traustar heimildir. Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða.“ *Skáldskaparmál* 4 (1997): 210–226.

Aðalheiður Guðmundsdóttir. „How Icelandic Legends Reflect the Prohibition on Dancing.“ *ARV* 61 (2006): 25–52.

Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Inngangur.“ Í *Strengleikar*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2006.

Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Old French *lais* and Icelandic *sagnakvæði*.“ *Francia et Germania: Studies in Strengleikar and Piðreks saga af Bern*, ritsj. Karl G. Johansson og Rune Flaten. Novus, 2012.

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „The Tradition of Icelandic *sagnakvæði*.“ *RMN Newsletter* 6 (2013): 15–20.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Fjórir kaupmenn og klæðskiptingur. Um tilurð og áhrif almúgabókar.“ Í *Ritið* 2:23 (2023): 59–84.
- Almqvist, Bo. „Gerðir ævintýra.“ Í Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, VI, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1961.
- Bergljót Kristjánsdóttir. „„Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum.“ Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngrímur,“ í *Guðamjöður og arnarleir: Safn ritgerða um eddulist*, ritstj. Sverrir Tómasson. Háskólaútgáfan, 1996.
- Bjarni Vilhjálmsson. „Inngangur.“ Í *Hyndlu rímur og Snækóngrímur eftir Steinunni Finnsdóttur*, útg. Bjarni Vilhjálmsson. Rit Rímnafélagsins III. Rímnafélagið, 1960.
- Björn K. Þórolfsson. *Rímur fyrir 1600*. S. L. Möller, 1934.
- Boberg, Inger M. *Motif-index of Early Icelandic Literature*, ritstj. Jón Helgason. Bibliotheca Arnamagnæana, XXXVIII. Munksgaard, 1966.
- Colwill, Lee. *The King’s Two Bodies? Snjáskvæði and the Performance of Gender*. Meistararitgerð við Háskóla Íslands, 2018.
- Einar Ól. Sveinsson. *Um íslenzkar þjóðsögur*. Hið íslenska bókmenntafjelag, 1940.
- Einar Ól. Sveinsson. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit Einer Einleitenden Untersuchung*. FF Communications, 83. Suomalainen Tiedeakatemia, 1929.
- Finnur Jónsson. *Ordbog til de af Samfund udgivne til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*. J. Jørgensen og co., 1926–1928.
- Finnur Sigmundsson. *Rímnatal*, I–II. Rímnafélagið, 1966.
- Gísli Sigurðsson. „Inngangur.“ Í *Eddukvæði*, útg. Gísli Sigurðsson. Mál og menning, 1998.
- Gísli Sigurðsson. „Kötludraumur: Flökkuminni eða þjóðfélagssumræða?“, *Gripla* IX (1995): 189–217.
- Guðbrandur Vigfússon. „*Formáli fyrstu útgáfu eftir Guðbrand Vigfússon*.“ Í Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, II, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1954.
- Hallfreður Örn Eiríksson. „Þjóðsagnafræði“ í *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, 1983.
- Haukur Þorgeirsson. „*Gullkársljóð og Hrafnagaldur: framlag til sögu fornryðislags*.“ *Gripla* XXI (2010): 299–334.

- Haukur Þorgeirsson. „Þóruhjód og Háu-Þóruleikur.“ *Gripla* XXII (2011): 211–227.
- Haukur Þorgeirsson. „Poetic Formulas in Late Medieval Icelandic Folk Poetry: The Case of Vambarljód“. *RNM Newsletter* 4 (2012): 181–196.
- Hughes, Shaun F. D. „Steinunn Finnsdóttir and Snækóns rímur.“ *Í Eddic, Skaldic, and Beyond, Poetic Variety in Medieval Iceland and Norway*. Fordham University Press, 2014.
- Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, I. J. C. Hinrichs, 1862.
- Jón Helgason. *Ritgerðarkorn og ræðustúfar*. Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, 1959.
- Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Andr. Fred. Høst & Søns Forlag, 1888.
- Louis-Jensen, Jonna. „Om Ólíf og Landrés, vers og prosa samt kvínder og poeter“. *Í Eyvindarbók. Festskrift til Eyvind Fjeld Halvorsen*. Inst. for nordistikk og litteraturvitenskap, 1992.
- Nanna Halldóra Imsland. „Fann eg í einni fornri syrpu ...“: Samanburður á Vambarljóðum og íslenskum ævintýrum af gerðunum AT 706 og 404*. B.A.-ritgerð við Háskóla Íslands, 2012. <https://hdl.handle.net/1946/11777>
- Ólafur Davíðsson, útg. *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*. Í *Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*, IV. Hið íslenska bókmenntafélag, 1898.
- Ólafur Davíðsson. „Vikivakar.“ Í *Vikivakar og vikivakakvæði*, útg. Ólafur Davíðsson. Hið íslenska bókmenntafélag, 1894.
- Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, II. Sótt 18. desember 2024, https://baekur.is/bok/79f857eb-24c4-4d7d-b31f-d706b08ebf35/2/10/Skra_um_handritasofn#page/n9/mode/2up
- Stewart, Anna Alexandra McCully. Knock, knock. Who's there? A Translation and Study of Þóruhjód. Meistararitgerð við Háskóla Íslands, 2017. <https://hdl.handle.net/1946/28720>
- Thompson, Stith. *The Types of the Folktale: A Classification and Bibliography*. FF Communications No. 184. Suomalainen Tiedeakatemia, 1961.
- Thompson, Stith. *Motif-Index of Folk-Literature: A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books, and Local Legends*. Indiana University Press, 1955–1958.
- Uther, Hans-Jörg. *The Types of International Folktales: A Classification and Bibliography*, III. FF Communications No. 286. Suomalainen Tiedeakatemia, 2004.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. „Íslenskur þjóðsagnastíll.“ Í *Íslensk stílfraði*. Mál og menning, 1994.

Rafrænar heimildir:

„Ísmús, íslenskur músík- og menningararfur.“ Landsbókasafn og Árnastofnun. Sótt 19. desember 2024, <https://ismus.is>

„Karel, rannsóknarvettvangur rímna.“ Sótt 1. desember 2024, <https://rimur.io/karel/rimur/>

Óþekktur skrifari. „AM 154 III 8vo.“ Óútgefið handrit, sótt 1. desember 2024, <https://handrit.is/manuscript/view/is/AM08-0154-I-XXII>

13. Viðauki 1

Listi yfir þjóðsögur og ævintýri af gerð AT 306 í *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum*.

Bo Almqvist tók listann saman. Hann er *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* eftir Jón Árnason, VI, bls. 317. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1961. Hér hefur nöfnum sagnanna verið bætt við lista Almqvists.

306 I Galdrasögur- töfrabrogð - gandreid

- 1) III. bls. 460 (*Átta herrafrændur*)
- 2) III. bls. 459 (*Skrifarinn og kona herrafrændsins*)
- 3) I. bls. 427 (*Gandreiddin*)
- 4) III. bls. 458 (*Konan sem fór í Svartaskólann*)

306 II Stjúpusögur

- 1) IV. bls. 626 (*Sagan af Oddi kóngi*)

306 III Jóla- og nýársgleðir álfa

- 1) I. bls. 101 (*Una álfkona*)
- 2) I. bls. 105 (*Hildur álfadrottning*)
- 3) I. bls. 102 (*Úlfhildur álfkona*)
- 4) III. bls. 166 (*Bóthildur álfadrottning*)
- 5) III. bls. 165 (*Húsfreyjan á Yztu- Grund*)
- 6) I. bls. 109 (*Snotra*)
- 7) III. bls. 163 (*Álfadrottning í álögum*)